



Handbók

í Frakklandi

# EM 2016 Í KNATTSPYRNU



EM á  
Stofunni



Stofan  
Café  
Vesturgata 3

## Fjöríð er byrjað!



Þá er fjöríð byrjað, stórmótíð í knattspyrnu sem menn eru búnir að vera að biða eftir í þetta líka langan tíma og þá aldrei sem fyrr, er hafíð! Þegar við segjum "í þetta langan tíma" er hægt að túlka það á tvo vegu. Annarsvegar að það er loksins orðið að veruleika að Ísland er meðal þátttökubjóða og hinsvegar að biðin eftir því að mótíð byrjaði, þegar það var loksins staðreynd, er að ganga í garð. Í öll þessi skipti sem við höfum gefið út þessar handbækur okkar, hvort sem er fyrir stórmótin í knattspyrnu eða handbolta, þá er eitthvað allt öðruvísi og meira spennandi við þetta mót en áður. Þá er ég að tala um fótþoltann, en skýringin er einföld, vegna þess að þegar Ísland er að spila á þessu mótí þá er maður ekki lengur bara áhorfandi heldur líka þátttakandi sem stuðningsmaður líðsins og getur lifað sig inn í keppnina allt öðruvísi en áður. Ég sé það alveg fyrir mér að það er ekki bara við sem höfum svo mikinn áhuga á þessum stórmótum eða knattspyrnu yfirleitt, sem verða með í allri stemningunni. Nei, það verða hér um bil allir landsmenn sem taka þátt í fjörinu og þá sérstaklega þegar Ísland spilar. Það getur varla nokkur maður látið sig ósnortinn af þessu.

Í handbókinni okkar í ár ákváðum við að vera með órlitla

Útgefandi: Fjölmíðla- og hugmyndahúsið ehf. Ritstjóri: Eiríkur Einarsson Úmbrot: Grafiker ehf. Forsíðumyndir: Eva Björk Prentun: Landsprent Sími: 699 77 64 Auglýsingar: midborgin@gmail.com

## EM á Bjarna Fel

Afhverju er Bjarni Fel Sportbar besti sportbar í Reykjavík?

Svarið er einfalt - við sýnum flestalla sportviðburði sem eru í boði hverju sinni og þú getur alltaf treyst á okkur. Þetta kann að virðast hrokaullt en eins og orðatiltekið segir: "Það er ekki hroki ef þú getur bakkað það upp" (sem við getum vissulega)...

Við erum staðsett á besta stað í miðbænum. Bjarni Fel hefur yfir 20 Glaný HD Smart-sjónvörp og 5 HD skjávarpa sem geta samtímis sýnt 8 mismunandi íþróttir frá yfir 1800 stöðvum, einnig bjóðum við

upp á "Pay Per View" þ.e.a.s. ef við erum ekki með rásina kaupum við aðgang að viðburðinum. Við látum ekki viðburði eins og NHL, Super Bowl og UFC fara fram hjá okkur.

Stemningin á Bjarna Fel er mögnuð (alþjóðlegt) þar sem fólk kemur til að styðja sitt íþróttalið eða íþróttamann/konu. Hægt að er að segja að andrúmsloftið verði þrungið spennu og eftirventingu í hita leiksins.

Á Bjarna Fel bjóðum við einnig uppá dýrindis mat, þar sem þú getur valið milli hefðbundna smárétta eða farið í hamborgara, steikarsamlöku



eða í alvöru steikur og jafnvel í klassískan íslenskan mat eins og plockfisk eða kjötsúpu.

Ef þetta er ekki nóg bjóðum við einnig upp á úrval af íslenska bjórnunum og allskonar drykkjum sem mun tryggja að þú eigir frábæra stund á Bjarna Fel.

### Hressingarskálinn

Fyrir þá sem ekki vita þá er Hressingarskálinn elsta veitingahús/kaffihús Reykjavíkur. Í húsinu hefur verið veitingarek-

## Spekingarnir sex



Bjarni Felixson



Dóri í Tólfunni



Eiríkur Einarsson



Hallur Hallsson



Kristján Þorvaldsson



Lára Ómarsdóttir

sem rís hæst þessa daga fyrir mót. Almennt eru menn bara bjartsýnir og telja að það séu meiri líkur en minni að við komumst áfram upp úr riðlinum. Svo er alveg hægt að spá í hvað getur gerst þegar í útsláttarkeppnina er komið, en ég sé það fyrir mér í öllum spekingurinum að það væri hagstæðast að lenda í öðru sæti í riðlinum okkar uppá líklegan mótherja í 16-liða úrslitum og framhaldið. Ef við lendum í öðru sæti þá er líklegur mótherji Rússland eða Wales í 16-liða úrslitum og síðan Frakkland í 8-liða úrslitum. Ef við lendum í fyrsta sæti riðilsins, þá er líklegur mótherji í 16-liða úrslitum Belgía eða Ítalía og síðan England í 8-liða úrslitum. En að sjálfsgöðu er þetta bara smá-pæling, auðvitað er það verkefni númer eitt að koma sér upp úr riðlinum. Síðan tökumst við á við þau verkefni sem á borð okkar koma hverju sinni og í beinu framhaldi af því. Já, það væri óskandi að Íslandi tækist að komast upp úr riðlinum og myndi þannig skrá sig með krafti inn á stórmót sem þessi. Þá værum við að tilkynna knattspyrnuheiminum að við værum ekki þarna bara til að vera með, heldur til að láta til okkar taka og ná sem allra lengst.

Það er hægt að spá í þetta fram og til baka, en nú er bara að takast á við þessa frábæru áskorun og mæta með rétta hugarfarid og í rétta girnum og hitta á góða leiki gegn Portúgal, Ungverjalandi og Austurríki.

Áfram Ísland!

morgunmat og margt fleira gírnilegt á góðu verði. Hressingarskálinn er alltaf með nýjan og spennandi sérreittamatseðil auk klassísku Hressó-réttanna á matseðli.

Á kvöldin breytist Hressingarskálinn í einn vinsælasta skemmtistað landsins þar sem þú getur slett ærlega úr klaufunum langt framundir morgun.

Lifandi tónlist er eitt einkenni staðarins. Frá fimmtudegi fram á sunnudag koma fram hinir ýmsu tónlistarsníllingar landsins og leika listir sínar.

Hressó er tilvalinn fyrir fyrirtækja- og einkahópa til að njóta ljúffengrar máltíðar og lifandi tónlistar á frábæru verði í hjarta miðbæjarins. Við bjóðum uppá þráðlausan aðgang að internetinu þér að kostnaðarlausu.

# ÁFRAM ÍSLAND!

BYKO ER MED FRÁBÆRT LIÐ Í VÖRN, MIÐJU OG SÓKN TIL AÐ SJÁ TIL ÞESS AÐ HÁLFLEIKSSTEIKIN ÞÍN VERÐI FRÁBÆR!

SKOÐAÐU GRILLÚRVALIÐ Á WWW.BYKO.IS



AUDVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS SENDUM ÚT UM ALLT LAND

**BYKO**

Austurstræti 20  
**BJARNI FEL**  
SPORTBAR

YFIR 20 FLATSKJÁIR  
5 SKJÁVARPAR  
ALLT Í HD GEDUM  
ALLIR LEIKIR Í BEINNI

EM Í FÓTBOLTA



Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hefur fulla trú á sínum mönnum:

## „Þeir gefast aldrei upp“

Formaður KSÍ hefur helgað líf sitt fótbolta. Geir Þorsteinsson er Vesturbæingur, fæddur 9. september 1964, og segja má að með fyrstu skrefum sínum á KR-vellinum hafi starfsvettvangurinn verið valinn. Um þessar mundir tekst Geir á við stærsta verkefni sem nokkur forystumaður í íslenskri knattspyrnuhreyfingu hefur tekist á hendur, þ.e. að fylgja íslenska A-landsliði karla eftir í úrslitakeppni Evrópumótsins í Frakklandi.

Geir er áttundi formaður KSÍ og var endurkjörinn í fjórða sinn á 70. þingi sambandsins snemma á árinu. Hann var fyrst kjörinn 2007 eftir að hafa verið framkvæmdastjóri í 10 ár. Aðkoma hans að KSÍ og félagsstjórnun fyrir hreyfinguna nær mun lengra aftur í tímann.

Um skeið var Geir framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar KR og í stjórn félagsins og þá byrjaði einnig aðkoma hans að KSÍ, í formannstíð Ellerts B. Schram. Þar hóf hann síðan fyrst störf samfleytt sem skrifstofustjóri 1992/93, auk þess að sinna mótamálum, uns hann tók við starfi framkvæmdastjóra. Geir hafði verið kominn áleiðis í námi í stærðfræði við Háskólann og hafði sinnt kennslu í framhaldsskólum í tvo vetur. En fótboldinn togaði hann að endingu fullkomlega til sín.

„Mótamálin voru fyrst á mínum snærum upp úr 1980 fyrir Knattspyrnuráð Reykjavíkur. Þá var ég að annast skipulag og niðurröðun móta fyrir KRR. Þannig komst ég inn í mótamálin og hef eiginlega verið tengdur þeim síðan. Formlega var ég að störfum fyrir KSÍ í eitt ár 1987 og síðan sem starfsmaður allan götur frá því byrjaði sem skrifstofustjóri.“

### Gifurleg áskorun

Þáttaka landsliðsins í úrslitum EM er verkefni sem margir í forystunni hafa látið sig dreyma um en fáum hefur dottið í huga að yrði að veruleika. „Við getum sagt að þetta sé allt annar stærðarflokkur en við höfum glímt við hingað til. Áskorunin er gifurleg fyrir lítið knattspyrnusamband. Kröfurmar frá Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA) eru mjög miklar á öllum sviðum. Við þurfum að annast svo margt í kringum þáttökuna, m.a. vegna fjölda áhorfenda héðan frá Íslandi. Þáttaka kvennalandsliðsins tvisvar sinnum og U-21 árs liðsins einu sinni í lokakeppni hjálpar að sumu leyti. Þá kemur sér einnig vel að ég hef starfað sem eftirlitsmaður. Í síðustu lokakeppni EM sá ég sem eftirlitsmaður um alla leikina í Varsjá fyrir UEFA.“

Hvað líðið sjálft varðar er Geir ekki í nokkrum vafa um að þar komi griðarleg reynsla að gagni. „Hvað tæknilega undirbúningur liðsins varðar er okkur mjög dýrmaett að Lars landsliðsþjálfari hefur gert þetta oft áður. Við erum því ekki algjörir nýgræðingar.“

### Ertu í bland kvíðinn?

„Nei, ég get ekki sagt það. Þetta er mikill áfangi en þetta eru auðvitað bara knattspyrnuleikir. Ég geri mér samt grein fyrir að líð sem er að taka þátt í fyrsta sinn þarf að glíma við ýmsleg fleira en það sem gerist beinlínis inni á vellinum. Sálfraeðiþátturinn getur vegið þungt og við verðum að höndla pressuna. Það hjálpar okkur að strákarnir eru alvanir

að spila á stórum leikvöngum, á stóra sviðinu fyrir framan mikinn fjölda áhorfenda.“

### Alheimsvæðing fótboldans

KSÍ er í raun stórt fyrirtæki. Heildartekjur á síðasta ári námu tæpum einum og hálfum milljarði. „Þegar ég sat í varastjórn sambandsins 1987, þá var sambandið illa stöð og það voru t.d. þung skref fyrir Ellert formann að þurfa að bera það upp við stjórn að draga kvennalið og 21 árs lið úr keppni í Evrópu. En það var óhjákvæmilegt.“

### Hvað hefur breyst?

„Við höfum notið góðs af alheimsvæðingu knattspyrnunnar. Stórauknar vinsældir og maður veltir því fyrir sér hvenær hápunktinum verður náð. Þetta virðist vera sagan endalæsa.“

Við sjáum griðarlega vaxandi áhuga í Bandaríkjunum, Kína, Indlandi og víðar. Um 1990 gátum við farið að selja sjónvarpsréttinn á okkar eigin landsleikjum. Það var heilmikil breyting sem hefur tryggt okkur miklar tekjur, svo og styrkir frá UEFA og líka Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA). Styrkir og stuðningur í fræðslustarfi og fleiru hafa hjálpað okkur í litlu samböndunum að ná framföllum á ýmsum sviðum.

Sumir sjá bara spillingu þegar kemur að þessum stóru samtökum en það verður að viðurkennast að þau hafa skilað miklu til knattspyrnusambandanna víðsvegar í heiminum. Auðvitað viljum við losna við þrjóta út, sem koma óorði á hreyfinguna, en þrátt fyrir allt hefur verið unnið gott starf.“

Íslendingar eru um 330 þúsund og markaðurinn endurspeglar það gagnvart KSÍ. Því fær ekkert breytt, bendir Geir á. „Það eru takmörk fyrir því hvað við getum fengið miklar tekjur á heimamarkaði og það er líklega hvað viðkvæmast í okkar rekstri.“

Einmitt, þú tókst við formennsku í góðærinu 2007. Árið eftir varð hrunið. Hvernig snerti það starfsemi KSÍ? „Þetta var mjög krefjandi ár og við þurftum að taka nokkrar erfiðar ákvarðanir sem hjálpuðu okkur að vinna okkur út úr vandanum. Við fengum m.a. fyrirframgreiðslur erlendis frá til þess að geta staðið í skilum vegna byggingaframkvæmda. Erlend lán höfðu tvöfaldast. Eins og hjá þjóðinni allri voru þetta erfiðir tímar.“

Þú eigist í málaferlum við Landsbankann út af gengislánunum. Sér fyrir endann á þeim?

„Við unnum í héraði en var vísað út í Hæstarétti. Núna munum við gera beina fjárhagskröfu. Þetta mál snýst um háar fjárhæðir vegna framkvæmdalansins. Við borguðum upp lánið – en allt of mikið.“

### Gullkynslóð og traustur grunnur

Fulltrúar erlendra fjölmiðla hafa streymt til landsins í aðdraganda EM til þess að fá svar við spurningunni: Hvernig fór þessi fámenna þjóð að því að eignast landslið meðal þeirra bestu í Evrópu? Hvert er hið klassíska svar formanns KSÍ?

„Við eigum ákveðna gullkynslóð leikmanna. Þarna kemur saman hópur mjög góðra leikmanna á sama aldursbili, kjarninn í liðinu. Mikil efni sem fóru ung frá Íslandi. Strákar sem fengu snemma góða þjálfun. Þeir léku saman í okkar yngri landsliðum. Það var mikilvægt skref, svo og að þeir tóku mjög ungir við A-landsliðinu. Okkur hefur síðan tekist að mynda nýtt lið um þennan kjarna. Jafnvel þótt við hefðum átt okkar besta leikmann, nokkru



„Metnaður þessara stráka er rosalegur. Það er engin hindrun það há að þeir vilji ekki stíga yfir hana.“

stráka er rosalegur. Það er engin hindrun það há að þeir vilji ekki stíga yfir hana. Þeir gefast aldrei upp.“

Lars Lagerbäck hættir að lokinni keppni og Heimur heldur einn áfram. Er hægt að fylla skarð Lars?

„Éinlægni sagt, nei, hans skarð verður ekki fyllt en hann skilur sannarlega mikið eftir sig. Ég hreifst af Lars með sænska landsliðið. Aftur og aftur kom hann því í lokakeppni. Hvernig hann hélt skipulagi og aga og náði frábærum árangri var aðdáunarvert. Hann er ákveðinn snillingur þegar kemur að taktík. Það eru ekki margir með jafn mikla hæfileika í heimsfótboldnum og koma hugmyndum sínum jafn vel til skila til liðsins. Lars hefur kennt okkar hóp mikið. Leikmennirnir búa að þeirri þekkingu sem hann hefur skilað til þeirra og Heimur situr alskapaður eftir, tilbúinn í slaginn.“

### Betri leikvangur stórmál

Þú hefur komið nánast að öllum hliðum knattspyrnunnar hvað félagsstarfsemi líður. Áttu þér frekari persónuleg markmið, t.d. í alþjóðahreyfingunni?

„Ég reyndi fyrir mér í Evrópu en það var óeining innan Norðurlandanna, þannig að við fórum tveir fram. Ef bara annar okkar hefði gefið kost á sér, þá hefði hann komist í stjórn UEFA. Nei, ég á mér ekki neina sérstaka drauma í þessum efnum. Þarna var ákveðið tækifæri en þetta gekk ekki upp. Sennilega hef ég lengst átt mér þann draum að við kæmumst með karllandið í lokakeppni, þannig að Ísland kæmist fyrir alvöru á kortið. Okkur hefur tekist það. Persónulegur frami erlendis hefur alls ekki verið að trufla mig.“

Annað hugðarefni Geirs, sem hann vék m.a. sérstaklega að í ræðu sinni á síðasta þingi KSÍ, er uppbygging þjóðarleikvangs. „Það er stórt mál. Við þurfum betri leikvang. Þannig getum við t.d. lítið til Færeyinga sem hafa byggt betri knattspyrnuleikvang en við. Staðsetning í Laugardal er frábær og það þarf nauðsynlega að byggja við enda vallarins til þess að gera hann að góðum knattspyrnuleikvangi. Það er augljóslega hægt að gera það. Þessar framkvæmdir í Laugardal ættu að falla vel að þeim hugmyndum sem menn hafa um þéttingu byggðar og eflingu þjónustu innan svæða. Það er ekki skynsamlegt að einblína bara á það að fjölga sætum um 10 þúsund. Ávinningurinn af byggingunum þarf að vera meiri, og þær gætu skapað aukna þjónustu í dalnum og meira líf.“

„Fær formaður KSÍ aldrei leiða á fótbolta?“

„Nei, merkilegt nokk. Ég get horft á fótbolta linnulaust og það hefur fylgt mér lengi. Áhuginn er alltaf til staðar, en auðvitað væri skemmtilegast að vera inni á vellinum. En það eru bara 22 sem fá að vera þar. Þótt það sé draumurinn, þá er hann ekki raunhæfur.“ segir Geir brosandí, sem þrátt fyrir ástríðuna þekkir vel sín takmörk í fótboldnum.

### 16 liða úrslit væri frábært

Hverjar eru væntingar formannsins í úrslitakeppninni? „Við eigum Portugal í fyrsta leik. Frábær fótboldþjóð sem á einn besta leikmann í heimi, sem getur hreinlega unnið leiki upp á sínar eigin spýtur. Síðan er það Austurríki sem spilaði afar góðan fótbolta í undankeppninni og loks Ungverjar, sem eru vissulega góðir en standa að mínu mati okkur ekki framar í dag. Einn sigur gæti fleytt okkur í sextán liða úrslit. Það er minn draumur og væri frábær árangur.“

Enn og aftur vikur Geir að strákunum sem skipa landsliðið: „Ég vil ekki skapa of miklar væntingar. Metnaður þessara

Way of Life!

# SPORTLEGUR OG SPENNANDI VITARA S

PENNAN ÞARFTU AÐ SJÁ!

4.980.000  
Beinskíptur

5.360.000  
Sjálfskíptur

★★★★★

## VITARA S

Suzuki einsetti sér að búa til bíl sem væri fremstur í sínum flokki. Bíl sem fólk gæti notið að eiga og aka. Það er óhætt að fullyrða að vel hafi tekist til. Vitara S er flaggskipið í hópnum. Einstaklega fallegri hönnun bæði að innan og utan er fylgt eftir með mögnuðum aksturseginnleikum.

Vitara S er ákaflega tæknilega fullkominn bíll. Hann er með hemlunaraðstoð sem aðvarar öðrum þegar hætta er á árekstri, einnig er billinn með hraðastillir með fjarlægðar skynjara sem gerir aksturinn þægilegri. Í bílnum er upplýsinga- og afþreyingarkerfi með Apple CarPlay og MirrorLink, auk fleiri tækninýjunga.

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Hvernig fara leikirnir? Spekingarnir spá í leiki 1-6



Bjarni Felixson

Dóri í Tólfunni

Eiki Einars

Hallur Hallsson

Kristján Þorvaldsson

Lára Ómarsdóttir

### 1. Frakkland – Rúmenía

#### Bjarni Fel:

Frakkar fara rölega af stað en vinna nokkuð öruggan sigur að lokum.

#### Dóri í Tólfunni:

Frakkland tekur þetta. Mögulega tekur einhvern tíma að brjóta niður rúmensku vörnina en Frakkland vinnur samt á endanum öruggt, segi 2-0.

#### Eiki Einars:

Opnunarleikir stórmóta eru alltaf svolitíð sérstakir. Annaðhvort gerist ekki neitt í þeim og markalausir í þökkabót, eða þá að allt fer á annan endann. Við skulum vona að svo verði, en samt sem áður þá eru Frakkarnir all of stór biti fyrir Rúmenía. Frakkarnir mæta fullir af eldmóð, ætla sér langt á þessu móti, og vinna örugglega 3-1. Hallur Hallsson: Frakkland vinnur öruggan sigur á Rúmenum í opnunarleik mótsins; af síðustu 10 leikjum þjóðanna hafa Frakkar unnið fimm sinnum, fimm jafntefli.

#### Kristján Þorvaldsson:

Enginn Platini. Heldur ekki Hagi. Taugarnar of þandar hjá Frökkum og Rúmenar landa sigri 1-0. Byrjunarleikur sem Frakkar vilja gleyma sem fyrst. Gat ekki farið öðruvísi. Öfurbásnir Frakkar. Vel pakkaðir Rúmenar.

#### Lára Ómars:

Frakkland vinnur auðveldlega 2 – 0. Pogba og Griesman skora.

### 2. Albanía – Sviss

#### Bjarni Fel:

Albanía hefur komið á óvart í undankeppninni, en það dugur ekki gegn Sviss. Sviss vinnur 1-0.

#### Dóri í Tólfunni:

Albanía gæti skorað fyrsta markið en Sviss tekur þetta samt. Ætla að tippa á 1-3 sigur hjá Sviss.

#### Eiki Einars:

Það er mikill hugur í Albaníu og mikil tilhlökkun hjá þeim fyrir þetta mót. Þeir ná að standa í Svisslendinum og leikurinn endar 1-1.

#### Hallur Hallsson:

Þessi leikur getur farið á hvorn veginn

sem er; spái jafntefli 1-1. Svisslendingar hafa hikstað eilítið upp á síðkastið, sérstaklega af því Shakira hefur ekki náð heimsklassa, eins og vonir voru bundnar við, stórt stökk niður á við frá Bayern München til Stoke City ...

#### Kristján Þorvaldsson:

Svissneskt skipulag. Xhaka sannar að hann er úr granít. Arsenal-aðdáendur þurfa ekkert að efast lengur. Of auðvelt. Segir ekkert um svissneska liðið. Tvö núll.

#### Lára Ómars:

Sviss vinnur 1-0 í leiðinlegum leik.

### 3. Wales – Slóvakía

#### Bjarni Fel:

Þetta er erfiður leikur, en að mínu mati er Wales með slakasta liðið í riðlinum og tapa, en naumlega þó.

#### Dóri í Tólfunni:

Bale verður í stuði í fyrsta leiknum. Skorar allavega eitt mark og Wales vinnur leikinn. Slóvakía nær þó inn marki líka, eftir fast leikatriði. Lokastaðan 2-1 og partý í Wales.

#### Eiki Einars:

Það verður gaman að sjá hvernig Wales kemur út á þessu móti. Verða þeir einhverskonar spútnik eða fara þeir beint heim? Þetta verður hörkuleikur og mikil barátta sem endar með jöfnum hlutskiptum 2-2.

#### Hallur Hallsson:

Walesverjar vinna sigur, fyrst og fremst fyrir tilstilli Gareths Bale. Þar eiga þeir leikmann í heimsklassa sem gerir þá hættulega hverju liði sem er. Vinnusamir, vel skipulagðir og Bale sér um rest ... líkt og gegn Íslandi þegar við töpuðum ... Bale fór þá illa með okkur.

#### Kristján Þorvaldsson:

Wales sér ekki til sólar gegn léttleikandi Slóvökum. Gæðamunur á Bale og Moric sannast. Slóvakar setja tvö. Enn og aftur biður enski boltinn lægri hlut gegn alþjóðlegum fótbolta. Sorri.

#### Lára Ómars:

Jafntefli 1 – 1. Bale skorar en brennir jafnframt af vítaspurnu.

### 4. England – Rússland

#### Bjarni Fel:

Þetta er úrslitaleikurinn í B-riðli. Þó að Engendingar hafi oft lyppast niður á stórmótum, þá á það sér ekki stað núna og þeir vinna Rússa.

#### Dóri í Tólfunni:

Enska liðið verður áfram ósannfærandi og leikmenn ekki alveg vissir um hvaða leikkerfi er verið að spila. Rússar ganga á lagið og komast yfir. Engendingar bjarga sér fyrir horn með því að krækja í 1-1 jafntefli, það verður einhver á borð við Milner sem jafnar.

#### Eiki Einars:

Verður maður ekki að halda með Engendingum og finnst kominn tími til að þeir fari að spjara á sig á stórmóti. England hittir á góðan leik og vinnur af öryggi 2-0.

#### Hallur Hallsson:

Kannski bara óskhyggja, en ég veðja á England 2-1 ... mér sýnist enska liðið vera að styrkjast jafnt og þétt og athyglisverðir leikmenn hafa komið fram síðustu misseri, Kane og Vardy báðir öflugir.

#### Kristján Þorvaldsson:

Auðmýkjandi tap hjá Engendingum. Rússar þurfa ekki dóp í íþróttum, spjara sig bara á vellinum þar til kemur að úrslitakeppni. Þá lyppast þeir niður. 1-0 fyrir Rússa. Pútín og KGB klikkuðu einhvers staðar á leiðinni. En þetta var ekki fyrirstaða.

#### Lára Ómars:

England vinnur 3-1, Vardy skorar 2 og Kane 1 í hressilegum leik.

### 5. Tyrkland – Króatía

#### Bjarni Fel:

Tyrkir rétt slappu inn í úrslitakeppnina með naumindum, en það hefur ekkert á Króata sem vinna öruggan sigur.

#### Dóri í Tólfunni:

Króatía tekur þennan leik. Eru samt ekkert að splæsa í stóran sigur svona í byrjun móts, láta 1-0 duga.

#### Eiki Einars:

Tyrkímir á mikilli uppleið eftir að hafa byrjað illa í undankeppninni. Eru til

alls líklegir á þessu móti, en Króatía er alltaf Króatía og þeir ná að knýja fram baráttusigur 3-2 í skemmtilegum leik.

#### Hallur Hallsson:

Við töpuðum fyrir Tyrkjum síðast í leik sem við áttum aldrei að tapa en glæsileg aukaspurni í lokin tryggði tyrkneskan sigur. Ég held að Króatía vinni 1-0.

#### Kristján Þorvaldsson:

Blóðbað. Tyrkir eru stórpjód í fótbolta og sanna það gegn spriklandi Króötum. Það kemur samt ekki í veg fyrir 0-0 jafntefli. Íslenskir leikmenn hafa rétt fjárhag sinn af með því að spila í tyrknesku deildinni. Þeir koma að litlu gagni núna.

#### Lára Ómars:

Tyrkir byrja með látum en Króatía vinnur samt 2-0

### 6. Pólland – N-Írland

#### Bjarni Fel:

Pólverjar hafa átt á góðu liði að skipa og N-Írar eru miklir baráttuaxlar, en það dugur ekki gegn Pólverjum sem vinna 2-0.

#### Dóri í Tólfunni:

Pólland hefur öflugra sóknarsinnaða leikmenn og þeirra öflugastur er Robert Lewandowski. Hann mun skilja liðin að í lokin en Norður-Írar fá tilefni til að fagna duglega þegar þeir ná að jafna í 1-1. Lokastaðan í leiknum verður þó 2-1 fyrir Póllandi.

#### Eiki Einars:

Það er búist við miklu af Póllandi og samkvæmt öllu ættu þeir ekki að vera nokkurr vandræðum með N-Íra. Ég spái öruggum 3-0 sigri Pólverja og þeir gera út um leikinn í fyrri hálfleik.

#### Hallur Hallsson:

Pólskur sigur, 2-0 fyrir tilstilli Lewandowski, hvílikur leikmaður. Hins vegar skortir pólska liðið breidd til þess að fara lengra en í 8-liða úrslit.

#### Kristján Þorvaldsson:

Leikur kattar að mús. Lewandowski setur tvö og Norður-Írarnir hlaupa í sturtu og biðja bænanna sinna. Guð minn almáttugur, er viðs fjarri.

#### Lára Ómars:

Auðveldur 3 – 0 sigur Pólverja. Lewandowski skorar a.m.k. tvö mörk.

# SIGUR ÓSKAST!

STJÖRNURNAR Á EM  
Verð: 3.299.-ÁFRAM ÍSLAND  
Verð: 1.299.-EVROPUKEPPNIN Í FÓTBOLTA  
VILDARVERÐ: 3.198.-  
Verð: 3.899.-ATVINNUMAÐURINN GYLFI  
VILDARVERÐ: 949.-  
Verð: 2.799.-EURO 2016 TOURNAMENT PREVIEW  
VILDARVERÐ: 1.918.-  
Verð: 2.430.-LARS LAGERBÄCK OG ÍSLENSKA LANDSLÍÐIÐ  
VILDARVERÐ: 4.999.-  
Verð: 5.999.-

**TREYJA**  
VILDARVERÐ FRÁ  
**5.389**

**HÚFA**  
VILDARVERÐ  
**2.029**

**40%**  
VILDARAFSLÁTTUR

**TREFILL**  
VILDARVERÐ  
**2.029**

LÉTTASTA FERÐATASKAN - MÍÐSTÆRÐ, BLÁ  
VILDARVERÐ: 14.820.-  
Verð: 24.700.-

Við skiptum um rúður í öllum bílum, litlum sem stórum.  
Erum nú á tveimur stöðum, Skeifunni 2 og Hyrjarhöfða 9.



Skeifan 2  
Hyrjarhöfði 9  
S: 530 5900 | poulсен.is



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson



# Gríðarleg stemning hjá Tólfunni í kringum EM

- tólfan er að sönnu tólfti maðurinn

Það er engum blöðum um það að fletta að stuðningsveit íslenska landsliðsins í knattspyrnu, sem ber heitið Tólfan, heitir því nafni með réttu. Þeir eru svo sannarlega tólfti maðurinn á vellinum í liði Íslands þegar þeir spila. Enda er það ekkert skrítið að það fyrsta, sem landsliðsmennirnir okkar gera eftir hvern leik, er að fara til Tólfunnar og þakka fyrir sig. Er örugglega hægt að ræða það að einn af punktunum sem leitt hafa til velgengis íslenska liðsins sé einmitt Tólfan. Og nú er þeim stórkostlega árangri náð að komast á stórmót. Það munaði litlu að það tækist á síðasta HM-móti, en nú var þetta engin spurning; Ísland er að fara að spila í lokakeppni EM, og mun að sjálfsgöðu tólfti maðurinn fylgja með, jafnvel enn öflugri en nokkru sinni fyrr. Það má ætla að hann verði stór, breiður, glæsilegur, hávær og mjög tilkomumikill, tólfti maðurinn sem fer með íslenska landsliðinu á EM. Ef öll leyfi nást í gegn fyrir hópinn, þ.e. að fá að taka með sér trommur, kjuða, fána og fleira eða allt það sem þarf að vera til taks til að mynda réttu stemninguna og bestan stuðninginn, mun Tólfan leggja sig í líma við að láta til sín taka og leggja sitt af mörkum við að ná góðum árangri og góðum leikjum á þessu móti. Það er næsta víst.

Við hittum á tvo meðlimi Tólfunnar áður en haldið var til Frakklands og forvitnuðumst aðeins um stemninguna. Það voru þeir Benjamín Hallbjörnsson formaður og Styrmir Gíslason, stofnandi Tólfunnar.

## Öflugur stuðningur skiptir miklu máli

“Stemningin er alveg gríðarleg fyrir þetta mót. Nú er komið að stóru stundinni, þetta er að gerast,” segja þeir félagar miklu meira en hressir og eftirvæntingín skín af þeim.

“Það skiptir svo miklu máli fyrir lið sem er að fara að spila á svona stórmóti að hafa góðan stuðningshóp með sér á vellinum, það gæti jafnvel skipt sköpum og að lið ná fram þeim herslumuni sem stundum á vantar til að dæmið gangi upp. Þetta skiptir það miklu máli að þjálfararnir Heimir og Lars gerðu sér grein fyrir þessu alveg frá upphafi. Þess vegna kallaði Heimir okkur á sinn fund fyrir nokkrum árum og tjáði okkur að þeir vildu og þyrftu að hafa góðan, öflugan og virkan stuðningshóp á bak við liðið, því þeir höfðu mikið í hyggju og ætluðu að ná góðum árangri. En Tólfan hafði verið í svolitilli lægd um skeið og var ekki eins mikill kraftur í hópnum eins og hann var í byrjun þegar Tólfan var stofnuð og fór að láta að sér kveða,” segja

þeir Tólfumenn þegar þeir rífa upp þróunina sem verið hefur á hópnum, ferlið og aðdragandann að því hvernig stemningin hefur margfaldast jafnt og þétt síðustu árin.

Árið 2007 ræddu nokkrir strákar sem elska fótbolta og Ísland um það hversu sárlega það vantaði alvöru stuðning og stuðningsmenn á Laugardalsvöllinn. Einhverja grjótharða aðila sem létu í sér heyra þannig að landsliðsmenn tæku eftir og myndu tvíflast við stuðninginn. Aðila sem myndu stappa í þá stálinu í gegnum súrt og sætt. Aðila sem myndu vekja aðra áhorfendur af værum blundi og gefa þeim byr undir báða vængi þannig að þeir geti umbreytt sér úr áhorfendum í stuðningsmenn.

Víti menn, afrakstur þessa litla samtals varð Tólfan, stuðningsveit sem hefur sótt í sig veðrið með hverjum deginum þannig að eftir er tekið heima og heiman. Útrá þessu litla samtali fóru líka hjólin að snúast. Menn fóru markvisst að hittast fyrir leiki og semja söngva og stuðnings-“pepp.” Menn fóru að standa upp og óskra, styðja, syngja og hvetja landsliðið í 90 mínútur, hvort sem leikurinn væri að spílast því í vil eður ei. Já, það hafði myndast ný menning í íslensku þjóðfélagi sem kallast fótbolta-menning sem er virkilega lifandi í allri atburðarrásinni á Íslandi.

## Ný menning á Íslandi

“Það hefur myndast gríðarleg stemning, skemmtun, félagsskapur og samheldni í Tólfunni í kringum íslenska landsliðið. Þar eru allir sem einn og allir velkomnir sem vilja styðja við bakið á strákunum. Við erum í góðum tengslum við bæði leikmenn og þjálfara og yljár það manni um hjartarætur þegar t.d. Heimir þjálfari kemur og hittir okkur klukkutíma fyrir leik og tilkynnir byrjunarliðið, ræðir við okkur um leikinn og hvaða taktík verður spiluð, já, talar við okkur eins og nána féлага sína sem eru mjög mikilvægir í allri heildarmyndinni. Virkilega skemmtilegt og að finna hvernig maður er partur af þessu öllu og er að taka þátt í þessu. Ég tala nú ekki um þegar árangur er eftir því,” segja glaðir Tólfumennirnir sem eru að fara að “feisa” markmiðið sem einu sinni virtist vera fjarlægur draumur og óskhyggja, en er nú orðin að bláköldum veruleika: Ísland er að fara á stórmót í fótbolta!

“Þegar það gerðist að Ísland var næstum því komið á HM síðast, en urðum að sætta okkur við tapleik gegn Króatíu í umspili og gáfum þeim því sætið eftir, var eins og eitthvað alveg nýtt hafi fæðst meðal



landsliðsins og stuðningsmannanna. Það var eitthvert ákveðið gegnumbrot á þessum punkti og menn fóru að hugsa með sér og þá í leiðinni sáu að þetta var virkilega hægt. Við vorum margir í Tólfunni sem sögðum: Við getum þetta, íslenska liðið á miklu meira en fullt erindi á stórmót. Við skulum fara á hvern einasta leik með í undankeppni EM og veita liðinu allan þann stuðning sem það þarf til að komast til Frakklands í úrslitakeppnina.”

Við vorum komin saman sem Tólfti maðurinn á vellinum.

Tólfan er ekki lokaður hópur og enginn þarf að borga til að vera partur af þessari frábæru stuðningsveit. Það sem til þarf er eingöngu það að fólk mæti í bláu, sleppi af sér beislinu og styðji landsliðið okkar með söngvum og lófaklappi. Að vera Tólfa er ekkert annað en vinskapur, gleði, samheldni, virðing og stuðningur. Ef þú ert stuðningsmaður en ekki áhorfandi þá ert þú einfaldlega Tólfa.

Þetta má lesa í stefnuskrá Tólfunnar og eru menn hvattir til að vera stuðningsmenn en ekki bara áhorfendur því staðreyndin er sú að alvöru stuðningur skiptir gríðarlegu máli í kappleik og getur hreinlega gert gæfumuninn. Þess vegna megum við, sem erum stuðningsmenn, ekki slaka á jafnvel þó að á móti blási. Við verðum því ávallt að fylla völlinn og sjá til þess að andstaðingurinn viti og heyri að Tólfti maðurinn er mættur og að hann megi hræðast.

“Við munum eftir leiknum gegn Tékkum í undankeppninni hér heima, að við lentum undir í þessum gríðarlega mikilvæga leik. En hvorki okkur sem stuðningsmönnum né leikmönnum íslenska landsliðsins datt í hug eitt andartak að láta hugfallast og fara að hugsa með sér: Nú, jæja, þá verðum við víst að skora tvö mörk, til þess að hafa eitthvað út úr þessu! Nei, alls ekki, bæði Tólfan og leikmennirnir svo ákveðnir. Og hlutirnir gerðust, íslenska liðið tók leikinn í sínar hendur, það kom ekkert annað til greina en að yfirvinna þessa tímbundnu mótspyrnu og ganga fram og sækja sigur. Og vitið til, það tókst!” segja Styrmir og Benni og rífaðist það upp fyrir okkur hversu mikilvægur þessi leikur og sigur var

fyrir íslenska liðið upp á framhaldið og hvernig riðillinn þróaðist og niðurstaðan var. Hafa menn það á orði að þetta hafi verið vendipunkturinn.

Það er vonin að Ísland upplifi slíka vendipunkta í Frakklandi og að Tólfan verði svo sannarlega tólfti maðurinn þegar á reynir og það geri gæfumuninn.

“Við erum bara bjartsýnir fyrir mótið og höfum fulla trú á því að Íslandi tækist að komast áfram úr riðlinum. Við höfum alla burði til þess og er engin ástæða til að ætla annað en að það tækist. Það yrðu ákveðin vonbrigði ef það verður ekki að veruleika og þá ekki bara hjá okkur í Tólfunni, heldur og leikmönnum landsliðsins. Þeir ætla sér að komast áfram, annað yrði bara mikið svekkelsi. Það er svo mikill hugur í mönnum. Það er löngu ljóst að við erum ekki að fara að spila á þessu móti bara til að vera með, menn trúa því að þeir séu full-gjaldgengir til að spjara sig í þessari keppni og ætla sér ekkert annað en að gera það. Menn eru langt frá því að vera saddir og segja: Jæja, við komumst á mótið, þetta er búið að vera frábært og markmiðinu náð. Nei, svoleiðis aldeilis ekki, þó að þetta sé frumraun íslenska landsliðsins að spila á stórmóti í fótbolta, þá ætla menn að fara á þetta á þetta mót til að ná sem allra lengst og fara út í hvern einasta leik til að sigrast. Við trúum því,” segja þeir félagar Styrmir og Benni að lokum og er ekki ástæða til annars en að taka undir þetta með þeim, vitandi að um leið og maður byrjar að styðja og hvetja íslenska landsliðið þá er maður orðinn partur af Tólfunni.

Freyju lakkrís Draumur

Beint í mark í yfir 30 ár



Mercury Pack er á [adidas.is](http://adidas.is)



B-RIÐILL

England



Table with columns: #, Leikmaður, Leikir, Mörk, Lið. Lists players like Joe Hart, Kyle Walker, Danny Rose, etc.

Þjálfari: Roy Hodgson

Table with columns: Leikmannahópur, Leioðin á EM, Fyrri árangur í úrslitakeppni EM. Includes results for England, Switzerland, Slovakia, etc.

Rússland



Table with columns: #, Leikmaður, Leikir, Mörk, Lið. Lists players like Igor Akinfeev, Roman Shishkin, etc.

Þjálfari: Leonid Slutsky

Table with columns: Leioðin á EM, Fyrri árangur í úrslitakeppni EM. Includes results for Russia, Austria, etc.

Slóvakía



Table with columns: #, Leikmaður, Leikir, Mörk, Lið. Lists players like Ján Mucha, Peter Pekarik, etc.

Þjálfari: Ján Kozák

Table with columns: Leioðin á EM, Fyrri árangur í úrslitakeppni EM. Includes results for Slovakia, Ukraine, etc.

Wales



Table with columns: #, Leikmaður, Leikir, Mörk, Lið. Lists players like Wayne Hennessey, Chris Gunter, etc.

Þjálfari: Chris Coleman

Table with columns: Leioðin á EM, Fyrri árangur í úrslitakeppni EM. Includes results for Wales, Belgium, etc.

Spekingar spá í B-riðil



Bjarni Felixson



Dóri í Tólfunni



Eiki Einars



Hallur Hallsson



Kristján Þorvaldsson



Lára Ómarsdóttir

Bjarni Fel: Í þessum riðli skara Engendingar og Rússar fram úr, en það er því miður lítið um skemmtilega leiki í þessum riðli. Slóvakía og Wales verða að bíta í það súra epli að hverfa heim á braut strax eftir riðlakeppni.

Dóri í Tólfunni: Í B-riðli er England eina liðið sem vann sinn riðil í undankeppninni. Raunar var það eina þjóðin í allri undankeppninni sem vann alla sína leiki. Hin liðin þrjú lentu öll í 2. sæti í sínum riðlum.

Eiki Einars: Þetta er nokkuð seigur riðill sem getur boðið uppá þónokkra spennu. En að öllu jöfnu þá eru Engendingar fremstir meðal jafninga og vinna riðilinn nokkuð örugglega.

Hallur Hallsson: England hefur verið að ná góðum úrslitum á undanföllum misserum og vann alla leiki í sínum riðli. Þarna eru auðvitað Rooney og Joe Hart en það eru að koma upp flottir leikmenn eins og John Stones hjá Everton og delle Alli hjá Tottenham.

Advertisement for FASTUS Resorb Sport and Spoilastic products. Text: NJÓTTU ÞESS AÐ HREYFA ÞIG. Hjá okkur færðu úrval af stuðningshlífum og öðrum vörum sem nýtast vel í líkamsræktinni.

Advertisement for Biarni Fel Sportbar. Text: Austurstræti 20 BIARNI FEL Sportbar. YFIR 20 FLATSKJÁIR 5 SKJÁVARPAR ALLIR LEIKIR Í BEINNI. Hamborgarar, samlokur, steikur, súpur, salöt, plokkfiskur og auðvitað kaldur á krananum.



C-RIDILL

N-Írland



Table with 3 columns: #, Leikmaður, Leikir Mörk Lið. Lists players like Michael McGovern, Conor McLaughlin, Shane Ferguson, etc.

Leiðin á EM

Table with 3 columns: Ungverjaland-N-Írland, N-Írland-Færeyjar, Grikkland-N-Írland, etc.

Table with 4 columns: N-Írland, Rúmenía, Ungverjaland, Finnland, Færeyjar, Grikkland.

Fyrri árangur í úrslitakeppni EM

Table with 3 columns: Hafa ekki verið með áður, Leikir í úrslitakeppni EM, Leikir í undankeppni EM, Staða á heimslista.

Pólland



Leikmannahópur

Table with 3 columns: #, Leikmaður, Leikir Mörk Lið. Lists players like Wojciech Szczęsny, Michał Pazdan, etc.

Table with 4 columns: Pólland, Rúmenía, Ungverjaland, Finnland, Færeyjar, Grikkland.

Fyrri árangur í úrslitakeppni EM

Table with 3 columns: Leikir í úrslitakeppni EM, Leikir í undankeppni EM, Staða á heimslista.

Leiðin á EM

Table with 3 columns: Gíbraltar-Pólland, Pólland-Pýskaland, Pólland-Skotland, etc.

Table with 4 columns: Pýskaland, Pólland, Írland, Skotland, Georgía, Gíbraltar.

Fyrri árangur í úrslitakeppni EM

Table with 3 columns: 2008, 2012, Leikir í úrslitakeppni EM, Leikir í undankeppni EM, Staða á heimslista.

Úkraína



Table with 3 columns: #, Leikmaður, Leikir Mörk Lið. Lists players like Denys Boyko, Bohdan Butko, etc.

Leiðin á EM

Table with 3 columns: Úkraína-Slóvakía, Hvíta Rússland-Úkraína, Úkraína-Makedónía, etc.

Table with 4 columns: Spánn, Slóvakía, Úkraína, Hvíta Rússland, Lúxemborg, Makedónía, Úkraína-Spánn.

Umspil

Table with 3 columns: Úkraína-Slóvenía, Slóvenía-Úkraína.

Fyrri árangur í úrslitakeppni EM

Table with 3 columns: 2012, Leikir í úrslitakeppni EM, Leikir í undankeppni EM, Staða á heimslista.

Pýskaland



Leikmannahópur

Table with 3 columns: #, Leikmaður, Leikir Mörk Lið. Lists players like Manuel Neuer, Shkodran Mustafi, etc.

Table with 4 columns: Pýskaland, Írland, Skotland, Georgía, Gíbraltar, Pólland, Skotland-Pýskaland, Írland-Pýskaland, Pýskaland-Georgía.

Fyrri árangur í úrslitakeppni EM

Table with 3 columns: 1972, 1976, 1980, 1984, 1996, 2000, Leikir í úrslitakeppni EM, Leikir í undankeppni EM, Staða á heimslista.

Spekingarnir spá í C-riðil



Bjarni Felixson



Dóri í Tólfunni



Eiki Einars



Hallur Hallsson



Kristján Þorvaldsson



Lára Ómarsdóttir

Bjarni Fel: Þarna verður barátta á milli þriggja grannríkja, Þýskaland, Póllands og Úkraínu. Þýskaland hefur þetta, og Pólverjar og Úkraínurnar fylgja fast á eftir og komast upp úr riðlinum.

2. sætið. En Norður-Írland ætti að vera með þetta lið en Úkraína, jafnvel þótt styrkleikalisti FIFA segi að Úkraína sé næstbesta liðið í riðlinum.

Eiki Einars: Og Þýskaland vinnur! Þurfum við að segja eitthvað meira? Að öllu jöfnu þá ættu Þjóðverjar að hrósa nokkuð öruggum sigri í þessum riðli.

Dóri í Tólfunni: Í C-riðli eru tvö lið sem unnu sína riðla í undankeppninni. Annars vegar heimsmestartarnir Þjóðverjar og hins vegar Norður-Írar. Pólland lenti í 2. sæti síns riðils (einnmitt á eftir Þýskalandi) og Úkraína komst í lokakeppnina eftir umspilsleiki gegn Slóveníu.

kannski þetta að spyrja hvort þeir hefðu einhverja burði til að ná lengra en það? Þá kemur verulega erfiður mótherji sem er eitt af þeim liðum sem munu berjast í loka-lokaslagnum um Evrópumeistaratilinn. Það eru nefnilega Spánverjar og myndi það koma verulega á óvart ef Pólverjar færu nú að slá þá út og koma sér í undanúrslit. Eins yrði ég verulega hissa ef Þjóðverjar kæmst ekki í undanúrslit. Þeir eru það lið, ásamt Frökkum og Spánverjum, sem teljast þessi líklegustu lið til að fara alla leið.

Hallur Hallsson: Hér eru eru áhugaverðir hlutir á ferð; - Pólland vs Þýskaland. Ég hef það sterkt á tilfinningunni að pólska liðið muni koma sterkt til leiks með Lewandowski í broddi fylkingar. Þétt og flott lið sem hefur vaxið jafnt og þétt á

undanförmum árum og mér finnst þýska liðið ekki hafa verið sannfærandi eftir HM-titilinn í Brasilíu.

En hver er ég svo sem að efast um þýska stálið ...

Kristján Þorvaldsson: Það þarf ekki að ræða Þjóðverja. Þeir eru í áskrift. Úkraína með sitt bullandi þjóðarstolt er líka á hraðleið upp. Norður-Írar eiga engan George Best og gjalda fyrir það. Pólverjar eru sterkir, en samt ekki nóg. Slefa samt áfram. Gætu hugsanlega farið enn lengra.

Lára Ómars: Öllum að óvörum verða það Pólverjar sem hampa efsta sæti riðilsins með fullt hús stiga eftir sigur þeirra gegn Þjóðverjum í æsispennandi leik. Úkraína og N-Írland sýna ekki sín bestu andlit á mótinu og fara bæði heim að lokinni riðlakeppni.

EM leikur Würth www.wurth.is




Advertisement for Adidas featuring the text 'Þú færð EM búningana á adidas.is' and images of football players in Adidas kits.

# Það sem þú vilt vita um mótherja Íslands

Portúgal | Ungverjaland | Austurríki

Texti: Halldór Marteinsson



## Portúgal (República Portuguesa)

Höfuðborg: Lissabon  
Stærðlands: 92.212km<sup>2</sup>  
(89,5% afstærð Íslands)  
Íbúaföldi: 10,4 milljónir  
(3.113,8% af íbúafjölda

Íslands)

**Tungumál:** Portúgalska (talað alls staðar) og Mirandés (staðbundin tungumál í norðurhluta landsins).  
**Lönd sem liggja að Portúgal:** Spánn  
Portúgal hefur verið lýðræði síðan 1974 og þar er þingræði, rétt eins og á Íslandi.

Þrjú stærstu knattspyrnufélögin í Portúgal eru S.L. Benfica, FC Porto og Sporting CP. Efstu deildin í knattspyrnu karla heitir Primeira Liga. Hún var stofnuð 1934 og af 82 tímabilum sem leikin hafa verið þá hafa þessir þrjú stærstu félög unnið deildina samtals 80 sinnum. Ríkjandi Primeira Liga meistara eru Benfica. Portúgalska landsdeildin er í 5. sæti yfir bestu deildarkeppnir Evrópu samkvæmt UEFA, einu sæti fyrir neðan Ítalíu og sæti fyrir ofan Frakkland. Í efstu deild kvenna er Clube Futebol Benfica meistari.

### Tónlist og kvikmyndir

Nuno Bettencourt fæddist í Portúgal árið 1966. Þegar hann var 4 ára gamall fluttist hann með fjölskyldu sinni til Hudson, Massachusetts í Bandaríkjunum. Þar ólst hann upp, æfði fótbolta og lét sig dreyma um frama sem atvinnumaður með sínu uppáhalds knattspyrnuhlöð, Benfica frá Lissabon, ásamt því að spila fyrir portúgalska landsliðið. Það var draumurinn. Sá draumur varð ekki að

veruleika en á unglingsaldri hóf Nuno að fíkta við að læra á gítar og hefur náð hinum prýðilegasta atvinnumannaférlí í gítarleik. Hann stofnaði m.a. rokkbandið Extreme, hefur gefið út sólóefni, verið í fullt af böndum og spilað með tónlistarfólki eins og Janet Jackson, Dweezil Zappa, Toni Braxton og Rihanna, auk þess að vinna tónlist fyrir kvikmyndir og margt fleira. Hreint ekkert amalegur ferill það.

Portúgal er kannski ekki eitt þeirra landa sem þekktast er fyrir ríka kvikmyndasögunni en þó má finna merkilega hluti þegar farið er að skoða það nánar. Það verður nú að teljast ólíklegt að fleiri lönd státi til dæmis af því að hafa alið leikstjóra sem átti 83 ára starfsferil sem slíkur. En það átti við um portúgalska leikstjóran Manoel de Oliveira. Hann leikstýrði fyrstu kvikmyndinni sinni árið 1931 og þeirri síðustu árið 2014. Hann leikstýrði alls konar verkum, bæði heimildarmyndum og leiknum í hinum ýmsu lengdum. Meðal hans þekktustu verka eru Aniki-Bóbó frá 1942 og Amor de Perdição (e. Doomed love) frá 1979, byggt á samnefndri skáldsögu frá 19. öld. Þeir sem hafa áhuga á kvikmyndagrúski ættu að kynna sér þennan merkilega leikstjóra.

### Matarbóð/partý með portúgölsku þema?

Nú spyrja sjálfsgat margir „hey, ég er að spá í að halda matarboð eða partý með portúgölsku þema til að koma mér í girinn fyrir EM. Hvað er algjört most í svoleiðis?“

Frábær spurning! Virkilega skemmtileg. Auðvitað er tilvalið að halda einhvers konar teiti með slíku



þema til að slá tvær flugur í einu höggi. Bæði kynnast aðeins betur menningu þeirrar þjóðar sem við (jújú, við) erum að fara að spila við á fótboltavellinum en líka bara til að hafa gaman. Partý, jei! Sjávarrettir eru mjög vinsælir í portúgalskri matargerð. Portúgalir fóru snemma að veiða sinn fisk í Norður Atlantshafi en nýta samt líka Miðjarðarhafsstrauma í eldamennsku. Saltfiskur er mjög vinsell, það mætti til dæmis henda í Bacalhau à Bras.

Annar mjög vinsell réttur í Portúgal er Caldo verde (beinþýðing væri grænt seyði). Það er bragðgóð súpa þar sem uppistaðan er kartöflur, laukur og kál. Kryddpylsur, t.d. chouriço, er svo bætt út í súpuna. Það er líka lítið mál að sleppa einfaldlega pylsunni fyrir grænmetisætur eða bara þá sem vilja ekki pylsur.


Eftir góða veislu getur verið gott að fá sér eitthvað sætt. Það getur líka verið gott að fá sér eitthvað áfengt. Þetta masteruðu Portúgalimír á 15. öld þegar þeir fóru að gera þúrtvínið. Bretinn er alveg vitlaus í það, samkvæmt honum

er Cockburn's Special Reserve það besta, vill svo vel til að það fæst akkúrat í vinnubúðum hér á landi.

En það þarf ekkert alltaf að vera vín. Portúgalir elska sitt kaffi, hvort sem það er bica, galão eða eitthvað annað. Svo mætti klára fjörið á að smella portúgalskri danstónlist í gang, hækka vel og dansa eins og vindurinn. Mætti til dæmis byrja á laginu Touch Me eftir portúgalska plötusnúðinn Rui da Silva. Þetta lag fór í efsta sæti breska smáskífulistans árið 2001 og varð da Silva þar með fyrsti tónlistarmaðurinn frá Portúgal til að ná þeim árangri.

### Að lokum

Portúgalir hafa afrekað ýmislegt í gegnum tíðina. Meðal skemmtilegra afreka þeirra er að...  
–færa Japönnum tempura (funduð upp af portúgölskum trúboðum í Japan)  
–færa Inlandi chili (án þess væri ekkert karri)  
–færa Brasilíu kaffi (komu með fyrstu kaffiþlönturnar til Brasilíu)  
–færðu íbúum Hawaii ukulele.



## Ungverjaland (Magyarország)

Höfuðborg: Búdapest  
Stærðlands: 93.030km<sup>2</sup>  
(90,3% afstærð Íslands)  
Íbúaföldi: 9,9 milljónir  
(2.911,8% af íbúafjölda

Íslands)

**Tungumál:** Ungverska  
Lönd sem liggja að Ungverjalandi: Austurríki, Serbía, Króatía, Slóvenía, Rúmenía, Úkraína og Slóvakía  
Ungverjaland er landlukt ríki sem þýðir að það liggur hvergi að sjó. Í landinu hefur verið lýðveldi og þingbundin stjórn síðan 1989 þegar landið losnaði undan einræði kommúnista.

Efstu deildin í knattspyrnu karla í Ungverjalandi heitir Nemzeti Bajnokság I. Hún var stofnuð árið 1901. Frá tímabilinu 2014-15 hafa verið 16 lið í deildinni. Núverandi meistara í Nemzeti Bajnokság I eru Ferencváros

(Ferencváros er eitt af 9 hverfum í Búdapest). Ferencváros er sigursæla lið í efstu deild karla með 29 titla. Félagið notar ekki númerið 12 af virðingu við stuðningsmenn félagsins, 12. manninn.

Sigursælustu félögin á eftir Ferencváros eru MTK Budapest (23 titlar) og Újpest (20 titlar). Ungverjaland er í 33. sæti á lista UEFA yfir deildarkeppnir í Evrópu, einu sæti neðar en Liechtenstein og sæti fyrir ofan Moldóvu. Ísland kemur svo þar á eftir í 35. sætinu.

Efstu deild kvenna í Ungverjalandi heitir Női Nemzeti Bajnokság I. Núverandi deildarmeistarar þar eru Belvárosi Női LC. Ungverska landsliðskonan Pádár Anita afrekaði það að verða markahæsti leikmaður deildarinnar 17 tímabil í röð, frá 1998/99 til 2014/15. Hún skoraði t.d. 57 mörk í 26 leikjum tímabilið 2011/12.



### Menning

Stemmingin í Ungverjalandi eftir seinni heimsstyrjöldina var ekki beint sú skemmtilegasta. Ungverjaland var í tapliðinu og Sovétríkin hernámu landið með það í huga að breyta því í kommúnistaríki. Árið 1949 voru aðrir stjórnmálaflokkar en kommúnistaflokkurinn bannaðir.

Eftir lát Stalíns árið 1953 stefndi í frjálslyndari tíma, ungverskir stjórnmálamenn vildu breytingar. En Sovétríkin tóku það ekki í mál og bördu m.a. niður uppreisn árið 1956 með blóðugum hætti.

Svona var ástandið á 7. áratugnum.

Framhald á síðu 20.

# EVROPU- MEISTARINN!



1975 | Bílabúð Benna | 2015

Verð frá:  
**3.190.000 KR.**



## Margfaldur sigurvegari.



Opel hefur varla haft undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, frá bílasérfræðinum jafnt sem neytendum, fyrir Opel Astra. Fyrir utan titilinn Bíll ársins í Evrópu, sem er eftirsóttasta viðurkenning sem bílaframleiðendum hlotnast, má nefna Gullna stýrið, Bíll ársins í Danmörku, Bíll ársins í Skotlandi, ásamt sérstakri umhverfisviðurkenningu þar í landi, svo fátt eitt sé nefnt. Sjáðu meira á opel.is.

**Ný Opel Astra.**  
Meira en þú átt að venjast.



## Áfram Ísland!

### Allir leikir í beinni



Reykjavík  
Tangarhófa 8  
590 2000

Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
Opið í dag, laugardag frá 12 til 16  
Verið velkomin í reynsluakstur

**OPEL Á ÍSLANDI**  
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is|opel.is

Íbúar landsins þurftu að lifa við algjöra forræðishyggju og undir sífelldri ógn frá öryggislögreglu landsins. Þeir vissu líka hvernig það gæti endað að ögra yfirvaldinu of miklið.

En það var hægt að spila tónlist! Á 7. áratugnum, á svipuðum tíma og Bítarnir og The Rolling Stones voru að koma fram á sjónarsviðið, var mikil rokkmenning í gerjun í Búdapest. Fremst þar í flokki fóru þrjár stærstu hljómsveitirnar sem voru Illés, Metró og Omega. Það varð m.a.s. til rígr milli aðdáenda Illés og Omega sem líktist rígunum milli Bítlavina og aðdáenda The Rolling Stones.

Stjórnvöldin í Ungverjalandi reyndu að stjórna þessu eins og þau gátu. Það var bara ákveðin ríkisútgáfa sem gaf út plötur og allir fjölmíðlar verulega ritskoðaðir. Til að byrja með voru þessar hljómsveitir réttu megin við strikið en þegar meðlimir Illés gagnrýndu stjórnvöld í viðtali í Bretlandi var partýið búið. Hljómsveitin var sett á útgáfubannlista og sektuð. Böndin ýmist hættu eða fluttu úr landi.

Hluti hljómsveitarinnar Omega flutti t.d. til Þýskalands og náði nokkrum vinsældum þar á meðan aðrir meðlimir þessara hljómsveita mynduðu saman súpergrúppuna Lokomotiv GT.

Íslenski podkastþátturinn Filalag er þáttur sem óhætt er að mæla sérstaklega með. Þeir tóku fyrir ungversku rokkseununa í einum þætti og fjölluðu um Omega.

Annars er nú ekki hægt að fjalla um ungverska tónlist án þess að minnst á vin okkar, Emmerich Kálmán. Hann lifði frá 1882 til 1953 og samdi óperettur. Í einni óperettunni, Das Veilchen vom Montmartre (The Violet of Montmartre) frá árinu 1930, kemur fyrir lagið Heut 'Nacht hab' ich geträumt von Dir (Last night I dreamed of you). Árið 1960 kom þetta lag út á Íslandi og hét þá Ég er kominn heim.

#### Ungverska matarboðið/partýið?

Nú þykist ég vita að margir spyrji „porúgalska þemapartýið var algjör gargandi snilld! En hvernig get ég haldið svipað stuð með ungverskum

hætti?“

Enn og aftur, geggið spurning! Ég gæti varla orðað þetta betur sjálfur. Ungverska stemningin hlýtur bara að koma manni aðeins betur í girinn fyrir leikinn gegn þeim þann 18. júní næstkomandi.

Það er fátt ungverskara þegar kemur að matargerð en gott gúllas. Það hentar líka prýðilega fyrir góð matarboð. Láta þetta malla duglega og hafa bara nógu stóran pott. Þetta er upphaflega hirðingjamat, blanda af kjöti og grænmeti sem er soðið í kássu eða súpu.

Ungverjarnir hafa framleitt vín allt frá tímum Rómaveldis í það minnsta. Þekktustu vín þeirra kallast Tokaji (eftir Norðausturlhuta Ungverjalands sem heitir Tokaj). Þetta eru sæt eftirréttarhvítvín sem passa vel með ostum og öllum sætum eftirréttum. Það vill svo vel til að það fást tvær gerðir af Tokaji-vínum í vínúðum hérlendis, annars vegar Oremus Tokaji Aszu 3 Puttonyos og hins vegar Disznoko

Tokaji Aszu 5 Puttonyos.

Með þessu má setja einhverja hressa, ungverska tónlist í gang. Auðvitað er hægt að fara aftur í klassísku deildina og finna t.d. þá féлага Franz Liszt og Béla Bartók. Eða fara í eitthvað glænýt og brakandi ferskt kvikindi, eins og til dæmis ungversku raphljómsveitina Wellhello, hún á pottþétt eftir að hressa upp á partýið og fá fólk til að dilla sér aðeins

#### Að lokum

Ernó Rubik er ungverskur uppfinningamaður, arkitekt og kennari. Hans þekktasta verk er Rubik's Cube.

Í Ungverjalandi er löng hefð fyrir alls konar heilsulindum og baðstofum þar sem landið er ríkt af jarðhita. Dæmi eru um baðstofur sem nýta sér jarðvarma allt aftur til tíma Rómaveldis.

Kúlupenninn er ungversk uppfinning, fundin upp af László József Bíró.

 **Austurríki (Republik Österreich)**  
Höfuðborg: Vín  
Stærðlands: 83.879km<sup>2</sup>  
(81,4% af stærð Íslands)  
Íbúaföldi: 8,5 milljónir (2.500% af íbúaföldu

Íslands)

Tungumál: Þýska

Lönd sem liggja að Austurríki: Þýskaland, Ítalía, Ungverjaland, Tékkland, Slóvenía, Sviss, Slóvakía og Liechtenstein  
Austurríki er líka landlukt ríki, líkt og Ungverjaland. Þar er lýðveldi og þingbundin stjórn, líkt og hjá öðrum þjóðum í F-ríðli, og hefur verið síðan 1955. Í Austurríki er þjóðin nýbúin að kjósa sér nýjan forseta í æsispennandi kosningum þar sem á endanum munandi aðeins 0,6% á milli tveggja efstu frambjóðenda. Hagfræðiprófessorinn og félagshyggjumaðurinn Alexander Van der Bellen hafði þar betur gegn hinum þjóðernissinnada Norbert Hofer sem er eins langt til hægri og hægt er, boðskapur hans einkennist helst af útlendingaandúð og fordómum. Líklega ágætt að hagfræðiprófessorinn tók þetta þar sem heimurinn hefur ekki beint góða reynslu af þjóðernissinnuðum öfgastjórnámálum frá Austurríki.

Efsta deild karla í knattspyrnu í Austurríki heitir Österreichische Fußball-Bundesliga og hefur heitið það frá 1974. Þó er saga deildarmóts í fótbolta lengri í Austurríki og fyrsta deildarkeppnin fór fram 1911-12. Alls hafa verið spiluð 104 tímabil í efstu deild í Austurríki. Sigursælustu 2 liðin koma bæði úr höfuðborginni Vín, annars vegar Rapid Wien (32 titlar, 58 sinnum í topp 2) og hins vegar Austria Wien (24 titlar, 42 sinnum í topp 2). Núverandi meistara eru þó

annað lið, FC Red Bull Salzburg frá Walz-Siezenheim, 12 þúsund manna sveitarfélagi í fylkinu Salzburg. Með þeim sigri fór FC Red Bull Salzburg upp í 3. sæti yfir sigursælustu lið Austurríkis með 10 sigra. 3 fyrstu þeirra komu þó á 10. áratug síðustu aldar þegar liðið hét Casino Salzburg.

Austurríska deildin er sú 16. besta í Evrópu samkvæmt styrkleikalista UEFA. Hún er einu sæti neðar en Rúmenía og einu ofar en Króatía. Efsta deild kvenna í Austurríki heitir ÖFB-Frauenliga (ÖFB stendur fyrir austurríska knattspyrnusambandið). Þrátt fyrir að enn séu 2-3 leikir eftir hjá liðunum í Freuenliga hafa meistarnir frá því í fyrra, FSK St. Pölten-Spratzern, þegar tryggt sér sigurinn. Þær hafa unnið alla 16 leiki sína í deildinni til þessa. Þær eru búnar að vinna deildina 2 ár í röð og austurríska bikarinn 4 ár í röð.

#### Meningarhornið

Austurríki hefur alið af sér marga frábæra kvikmyndaleikstjóra. Á tímum þöglu myndanna var framlag austurrískra leikstjóra bæði mikið og magnað. Einn þeirra leikstjóra sem komu fram á sjónarsviðið á þeim tíma var Fritz Lang. Lang fæddist í Vínarborg árið 1890 og hóf að gera kvikmyndir rétt eftir fyrri heimsstyrjöld. Hann vakti athygli fyrir framúrsteftulega leikstjórn og epískar kvikmyndir. Hann gerði t.d. 5 klukkutíma kvikmyndaútgáfu af Nißlungahringnum.

Kvikmyndin Metropolis, frá árinu 1927, er líkega hans þekktasta og merkilegasta verk á ferlinum. Griðarlega epísk framtíðarsaga sem hann gerði í Þýskalandi og var á þeim tíma dýrasta kvikmynd sem framleitt hafði verið auk þess sem það þykir hafa rutt brautina fyrir vísindaskáldskap í kvikmyndagerð.

Í aðalkarhlutverkið réð Lang ungan,



þýskan leikara að nafni Gustav Fröhlich. Sá kom frá Hannover og hafði verið að reyna fyrir sér sem leikari í einhverjum tíma, þrátt fyrir ungan aldur. Hann hafði þó ekki náð teljandi frama, aðallega leikið í minni myndum og vafasömum leikritum. En hann sló í gegn í þessari mynd. Sem er vel skiljanlegt því hann er frábær í henni.

Ein af næstu myndum sem Fröhlich lék í var Die elf Teufel, eða Djöflarnir ellefu. Sú kvikmynd er ekki nærri því eins eftirminnileg og Metropolis en er þó frumkvöðull á ákveðnu sviði því þetta var ein af fyrstu leiknu kvikmyndunum sem fjölluðu um fótbolta. Fröhlich lék í henni karakter sem kallaður er Tommy og er hæfileikaríkur framherji í knattspyrnuliðinu SC Linda (sem hefur gælunafnið Djöflarnir). SC Linda er verkamannafélag og á í harðri baráttu við ríka félagið International. Hljómar eins og skemmtileg mynd

#### Austurríska matarboðspartýið?

Fyrir þau ykkar sem spyrjið „nú er ég búin/n að rúlla upp þessum landþemamatarboðum og þau hafa bara gert mig að vinsælustu manneskjunnar sem ég þekki, þvílíkt sem þetta hefur slegið í gegn! Ég finn að það er farinn að byggjast upp þrýstingur á að ég klári þetta með síðasta landinu, geturðu hjálpað?“ þá ætla ég bara að hafa þetta einfalt.

**Stafræn framköllun**

Komdu með myndirnar úr fríinu til okkar og við setjum þær á hágæða, ljósmynda-glans-pappír!



100 stk  
TILBOÐ  
3.900 kr.

**SAMSKIPTI**

prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Áfram Ísland!**


LEIÐAÐU TILBOÐA  
sala@samskipi.is  
580 7820  
OG ÞÚ FÆR SVAR UM HÆL

**LYFJA**  
– Lifið heil

20  
ára

**Förum alla leið!**

Áfram  
Ísland



Við stefnum að vellíðan  
allan ársins hring.  
Lyfja, lifið heil.

**Við stöndum með landsliðinu!**

Við styðjum íslenska karlalandsliðið í fótbolta  
alla leið og óskum þeim góðs gengis á EM 2016.

## Hvernig fara leikirnir? Spekingarnir spá í leiki 13-18



Bjarni Felixson



Dóri í Tólfunni



Eiki Einars



Hallur Hallsson



Kristján Þorvaldsson



Lára Ómarsdóttir

### 13. Rússland – Slóvakía

**Bjarni Fel:** Ég hugsa nú að Rússarnir vinna þarna öruggan sigur og fá þannig fyrstu stigin sín í riðlinum.

**Dóri í Tólfunni:** Slóvakar koma grímmir inn í leikinn eftir tapið í fyrstu umferð. Rússarnir ráða ekkert við miðjumanninn Marek Hamšík og Slóvakía vinnur þennan leik, 2-0.

**Eiki Einars:** Það er að koma í ljós að Rússarnir eru brothættir og alls ekki líklegir til árangurs á þessu móti. Slóvakía er mikið baráttuþið og vinna Rússana á sigurmarki á lokamínútunum, 3-2.

**Hallur Hallsson:** Hvað er hægt að segja um Rússa og Slóvaka annað en að Rússar vinna í þessu uppgjöri, þrátt fyrir að Slóvakar eigi gott landslið, góða leikmenn með Hamsík frá Napoli í broddi fylkingar. En samt 2-1 fyrir Rússa.

**Kristján Þorvaldsson:** Rússar eiga fullt inni. Þeir bæta bara í og landa 2-0 sigri. Það þýðir engan ballett gegn Rússum í þessum ham.

**Lára Ómars:** Rússar vinna 2-0 í frekar slöppum leik. Mörkin verða þó með þeim falletgri.

### 14. Rúmenía – Sviss

**Bjarni Fel:** Þetta er úrslitaleikur um sæti í 16-liða úrslitum sem Svisslendrar vinna. Rúmenar verða að biða eftir öðru tækifæri.

**Dóri í Tólfunni:** Þarna sýnir Rúmenía styrkleika sinn í varnarleik. Þessi leikur endar 1-1 og hleypr spennu í riðlinum fyrir lokaumferðina.

**Eiki Einars:** Þetta verður hörkuleikur þar sem ekkert er gefið eftir og baráttu fram á síðustu mínútu. Þetta verður ágætis leikur og spennandi, það eina sem vantar er mörkin. Hvorugu liðinu tekst að skora og sættast á jafnan hlut 0-0.

**Hallur Hallsson:** Rúmenía aftur á stórmóti en Sviss að skólást til. Rúmenar eru alltaf teknískir og taktískir; þeir áttu gott lið þegar Hagi var upp á sitt besta, 1-1.

**Kristján Þorvaldsson:** Rúmenar ekki komnir niður á jörðina. Landa engu að

síður jafntefli. Núll-núll. Eitthvað sem á ekki að sjást í riðlakeppninni. Of góð lið þess að spila upp á öryggið.

**Lára Ómars:** Sviss vinnur 2-1 þeir eru bara betri.

### 15. Frakkland – Albanía

**Bjarni Fel:** Þetta er engin spurning. Frakkarnir vinna öruggan sigur, þurfum ekki að hafa mörg orð um það.

**Dóri í Tólfunni:** Frakkarnir vilja ekkert kæruleysi á heimavelli og klára riðilinn með góðum sigri í þessum leik. Frakkland skorar 4, svo er aðal-spennan hvort Albanía nær að lauma inn sárabótamarki eða ekki. Segi að þeir nái því og leikurinn endi 4-1.

**Eiki Einars:** Frakkarnir áttu góðan opunarleik og mæta tvílefdir til leiks gegn Albaníu, sem eru svolítið lúnir eftir mikinn baráttuleik gegn Sviss. Frakkarnir skora tvö mörk á fyrstu 20 mínútunum og verður sigurinn aldrei í hættu, þar sem Albanar gera sig ekki líklega til að minnka muninn og ná þannig að opna leikinn. Um miðjan seinni hálfleik skora Frakkarnir þriðja markið og leikurinn er búinn.

**Hallur Hallsson:** Frakkur í sigurvinnu og sigurvissir eftir góðan sigur á Rúmenum. Þeir eru auðvitað líklegir til alls á EM, með Pogba sem eitt helsta stírni fótboltans í dag, Ribery eldri en tvævetur og svo þennan leikmann frá West Ham, Payet. Ég held hann geti orðið ein af stórstjörnum EM.

**Kristján Þorvaldsson:** Fimleikasýning hjá Frökkum. Timburmanni frá fyrsta leik löngu farin. Fjögur núll gegn stríðshjádum Albönum. Hefði getað farið fimm núll, ef Oliver hefði ekki klúðrað sínum færnum.

**Lára Ómars:** Frakkland vinnur 3-0.

### 16. England – Wales

**Bjarni Fel:** Þetta verður skemmtileg viðureign sem Englendingar hafa að lokum.

**Dóri í Tólfunni:** England er stóri bróðirinn í þessum leik. Wales hefur ekki unnið landsleik gegn Englandi síðan 1984 og það breytist ekki í þetta skiptið. Englendingarnir virka samstilltari og öruggari í aðgerðum í

þessum leik og vinna, 2-1. Bale og Kane skora báðir.

**Eiki Einars:** Þennan leik verður gaman að sjá. Wales hungar ákaflega í það að vinna sigur á Englendingum og finnst ekkert eins gott tækifæri til þess að gera það og núna. Þeir gjörþekkja enska liðið og vita hvernig þeir spila. England stjórnar leiknum en Walesmenn beita hættulegum skyndisöknum. Það verður mikill hasar í leiknum þegar fer að ljóða á og mikið skorað síðasta korterið. Ég hugsa að öll mörkin komi þá, en leikurinn endar 2-2. Hvorugt liðið getur hugsað sér að tapa.

**Hallur Hallsson:** Töff leikur – England gegn Gareth Bale. Ef Walesverjar hefðu einn-tvo klassaleikmenn og þá meina ég heimklassaleikmenn þá hefði ég spáð þeim sigri. En þeir eigan engan klassamann til þess að bera kyndilinn með Bale svo ég spái Englandi sigri en fráleitt auðveldum sigri.

**Kristján Þorvaldsson:** Nú er stóri bróðir mættur á völinn og vill ekki niðurlægja drottninguna. Kalli prins af Veils verður að sætta sig við þrjú núll tap, þar sem gelgjarn frá Man. Utd. skorar tvö.

**Lára Ómars:** Það búast allir við svaka leik. Þetta verður hinsvegar ekki spennandi og Englendingar vinna 3-1. Aftur skora Vardy og Kane ásamt Alli.

### 17. Úkraína – N-Írland

**Bjarni Fel:** Það er erfitt að spá um þennan leik. Það er ekki nógu mikil breidd hjá N-Írum til að leggja Úkraínu. Það má ætla að þessi leikur endi með jafntefli, en ég hallast frekar á sigur Úkraínu.

**Dóri í Tólfunni:** Norður-Írland leggur rítunni fyrir eigið mark og þeirra aðalmarkaskorari, Kyle Lafferty, tryggir þeim 1-0 sigur.

**Eiki Einars:** Ég hef þá svona á tilfinningunni að þetta séu tvö lið sem fara beint heim eftir riðlakeppnina. Þau verða í þriðja og fjórða sæti riðilsins og það lið sem verður í því þriðja nær ekki nógu mörgum stigum til að komast áfram. Þessi leikur endar með 1-1 jafntefli og eru það einu stigin sem þessi lið fá í mótinu.

**Hallur Hallsson:** Tvö lið sem vart er

hægt að spá miklum frama. N-Írar eru á sínu fyrsta stórmóti frá Svíþjóð 1958, ég held ég fari örugglega rétt með. Þannig að þeir eru fullir eftirvæntingar. Þeir eru vinnusamir og duglegir en skortir gæði, snilling. Jafntefli 1-1.

**Kristján Þorvaldsson:** Verðlauna-hafarnir í Júrúvísjón láta ekki dverga þvælast fyrir sér. Öruggur sigur og niðurlægiandi fyrir dæmigerðan enskan fótbolta.

**Lára Ómars:** Erfitt að spá. Tel þó að Norður-Írar komi á óvart og leikurinn fer 2-2.

### 18. Þýskaland – Pólland

**Bjarni Fel:** Þetta er ein stærsta viðureign riðlakeppninar. Úrslitaleikur riðilsins, en þessar þjóðir hafa spilað marga leiki í gegnum árin. Þýska stálið er seigt og þeir vinna þennan leik og þar með sigurinn í riðlinum.

**Dóri í Tólfunni:** Liðin voru saman í riðli í undankeppninni, bæði lið unnu sína heimaleiki og samanlögð markatala í leikjunum var 3-3. Það verður skorað í þessum leik og liðin sættast svo á jafntefli, 2-2.

**Eiki Einars:** Úrslitaleikur riðilsins og skiptir miklu máli. Pólverjar unnu Þjóðverja á sínum heimavelli í undankeppninni, þannig að þeir vita að þeir geta unnið Þjóðverja á góðum degi. En ég held að Þjóðverjarnir séu skrefinu fremri og vinna þennan leik 2-1.

**Hallur Hallsson:** Þetta er einn áhugaverðasti leikur riðlakeppninnar. Heimsmeistarar Þýskalands munu örugglega standa sig vel á EM en þeir eru ekki jafn sterkir og fyrir fjórum árum – sammála? Ég ætla að spá óvæntum úrslitum hér, 3-2 sigri Póllands sem á einn besta framherja heims í dag, Lewandowski hjá Bayern, þvílíkur snillingur.

**Kristján Þorvaldsson:** Lewandowski þakkar gestrisnina með marki, en það dugur ekki til. Þjóðverjar eru enn einu sinni mættir til keppni fyrir medalíu. 2-1.

**Lára Ómars:** Allir búast við svaka leik og það mun ganga eftir. Pólverjar ná forystu en Þjóðverjar jafna. Það verður samt Lewandowski sem tryggir Pólverjum sigur á ögurstundu.



UEFA  
EURO2016  
FRANCE



# LIVE!

ALLIR LEIKIR Í BEINNI  
Á 20 HD SKJÁUM!  
BOLTATILBOÐ!

Lifandi tónlist alla daga! Happy hour 16-19!  
50 tegundir af bjór.  
Eldhúsið opið frá 11.00. Rif, borgarar, kjúklingavængir!

AMERICAN  
BAR

REYKJAVÍK

LIFE IS SHORT - DRINK EARLY

AUSTURSTRÆTI 8 • REYKJAVÍK

Austurstræti 20  
BJARNI FEL  
SPORTBAR



HAMBORGARAR, SAMLOKUR, STEIKUR, SÚPUR, SALÖT,  
PLOKKFISKUR, OG AUÐVITAÐ KALÐUR A KRANANUM

VIÐ ERUM MEÐ ÞETTA ALLT!



## Leikvellirnir sem Ísland spilar á: Stade Geoffroy-Guichard

Fyrsti leikur strákanna okkar á EM í Frakklandi fer fram á Stade Geoffroy-Guichard velliinum í Saint-Étienne þann 14. júní. Klukkan 21:00 að staðartíma, 19:00 að íslenskum tíma. Hér er upphitunarpistill um völinn sjálfan. Fullt af myndböndum, fullt af mörkum, fullt af skemmtun.

### Grunnupplýsingar

**Nafn:** Stade Geoffroy-Guichard

**Gælunafn:** LeChaudron(vert), L'enfervert

**Áhorfendur:** 42.000

**Vallarflötur:** 105mx68m(sama stærð og á Laugardalsvelli)

**Vallaryfirborðið:** AirFibr

**Opnaði:** 1931

**Fjöldi leikja á EM '16:** 4 (3 í riðla-keppninni, 1 í 16-liða úrslitum)

**Heimilisfangvallarins:** 14, rue Paulet

Pierre Guichard

42.000 Saint-Étienne, France

**Símanúmer:** 0477923170

**Frá Íslandi:** 0033 4 77 92 31 70

### Völlurinn sjálfur

**Stúkurnar 4 við völinn eru:**

- *Charles Paret stúkan* (norðurstúkan): 8.541 sæti (þar af 4.841 á neðri hæðinni)
- *Jean Snella stúkan* (suðurstúkan): 8.767 sæti (þar af 4.690 á neðri hæð)
- *Pierre Faurand stúkan* (vesturstúkan): 7.993 sæti (þar af 18 box og 1.200 VIP sæti)
- *Henri Point stúkan* (austurstúkan): 10.315 sæti

Yfirborð vallarins er AirFibr sem er blanda af náttúrulegu grasi og örtrefjum. Undirlagið er sérhönnuð blanda af sandi, örtrefjum og muldum korki. Real Madrid og Arsenal hafa nýtt sér þessa tækni á æfingarsvæðum sínum auk þess sem fleiri velli í Frakklandi eru einnig með AirFibr.

### Stemningin

Það sem stuðningsmenn Íslands, bæði þeir sem eru á leið á völinn og hinir sem ætla að horfa í sjónvarpinu, vilja væntanlega vita er hvort það sé hægt að mynda einhverja stemningu á velliinum. Svárið er: Já!

Gælunafn vallarins er meðal annars Le Chaudron en það þýðir suðupottur. Stundum er vert bætt aftan við svo úr verður græni suðupotturinn. Annað gælunafn á velliinum er l'enfer vert, það þýðir grænt helvíti. Þessi gælunöfn gefa ágætis hugmynd um hvernig stemning getur myndast þarna á leikjum.

### Sagan

Vinna við völinn hófst árið 1930, sama ár og aðildarfélög franska knattspyrnusambandsins samþykktu að innleiða atvinnumannaknattspyrnu í Frakklandi. Völlurinn var tilbúinn í september 1931, hann var þá með 400 metra hlaupabraut í kringum knattspyrnuvölinn og áhorfendastúku sem tók 1.000 áhorfendur.

Völlurinn var nefndur í höfuðið á Geoffroy Guichard, stofnandaCasino verslunarkeðjunnar. Knattspyrnuhúsið sem spilar á velliinum, AS Saint-Étienne, var einmitt upphaflega stofnað af starfsmönnum Casino verslananna. Guichard gaf félaginu landið þar sem völlurinn var svo byggður. Áður voru þarna námur og lengi vel var stálverksmiðja við hlið vallarins sem orsakaði það að oft var andrúmsloftið á velliinum bókstaflega mengað.

Árið 1956 var hlaupabrautin umhverfis völinn fjarlægð svo áhorfendur gætu setið nær velliinum (fráber hugmynd!), með tímanum fjölgaði stúkunum líka í 4. Það kallaðist hér í denn enski stillinn þegar leikvangur hafði fjórar aðskildar stúkur umhverfis völinn og áhorfendastúkur náðu alveg að velliinum í stað þess að hlaupabraut væri að trufla.

Völlurinn hefur þrisvar farið í gegnum mikla endurnýjun. Fyrst á árunum 1983-84, síðan á árunum 1996-98 og nú síðast frá 2011. Þessi ártöl eru engar tilviljanir því í öll þrjú skiptin voru framkvæmdir vegna þess að Frakkland hélt stórmót í knattspyrnu.

### EM 1984

Evrópukeppnin 1984 var haldin í Frakklandi 12.-27. júní. Þá kepptu aðeins 8 þjóðir í tveimur riðlum. Af leikjunum 15 voru 2 spilaðir á Stade Geoffroy-Guichard.

Fyrri leikurinn fór fram 14. júní 1984, klukkan 20:30 að staðartíma. Það var leikur Rúmeníu og Spánar. Francisco José Carrasco kom Spánverjum yfir en László Bölöni jafnaði fyrir Rúmeníu. Spánverjar gerðu einnig jafntefli við Portugal og unnu svo Vestur-Þýskaland. Þeir enduðu því í efsta sæti B-riðils. Rúmenía tapaði hinum 2 leikjunum sínum og sat eftir í neðsta sætinu.

Seinni leikurinn á þessum velli var svo leikur heimamanna Frakka gegn Júgóslavíu í A-riðli sem fram fór 19. júní 1984. Fyrir leikinn var ljóst að Frakkland væri öruggt áfram, eftir 2 sigra, og jafnframt að Júgóslavía færi ekki áfram, eftir 2 t.p. Það stoppaði þó ekki leikmenn Júgóslavíu í að spila sinn bolta og þeir komust yfir í leiknum með laglegu marki frá Miloš Šestić. En Frakkar höfðu Michel Platini. Hann skoraði þrennu í leiknum, raunar var hann þarna að skora þrennu annan leikinn í röð. Júgóslavía minnkaði muninn í 3-2 og þannig endaði leikurinn. Frakkar unnu alla sína leiki en þetta voru einu 2 mörkin sem Júgóslavía skoraði á mótinu. Frakkland fór svo alla leið í úrslitaleikinn og vann þar Spánverja, 2-0. Platini skoraði í öllum 5 leikjum sínum á mótinu, samtals 9 mörk.

**HM 1998**  
Heimsmeistaramótið í knattspyrnu var haldið í Frakklandi 10. júní – 12. júlí 1998. Þar kepptu 32 þjóðir í 8 riðlum. Af 64 keppnisleikjum voru 6 spilaðir á Stade Geoffroy-Guichard.



Líkt og á EM, bæði 1984 og 2016, var fyrsti leikurinn spilaður 14. júní. Þetta var leikur Júgóslavíu og Íran í F-riðli. Eina mark leiksins skoraði Siniša Mihajlović, beint úr aukaspyrnu.

Næsti leikur á velliinum var 17. júní 1998, þá áttust við Chile og Austurríki í B-riðlinum. Marcelo Salas kom Chile yfir á 70. mínútu þegar boltinn lak einhvern veginn inn. Ivica Vastić jafnaði hins vegar í uppbótartíma með afskaplega huggulegu marki. Chile náði annars að komast upp úr B-riðlinum með því að gera jafntefli í öllum sínum leikjum.

Þriðji leikurinn sem fór fram á þessum velli í keppninni var leikur Spánverja og Paraguay í D-riðli sem fór fram 19. júní. Hann endaði 0-0. Spánverjar höfðu áður tapað fyrir Nigeríu og enduðu á að sitja eftir í 3. sæti riðilsins á meðan Nigería og Paraguay fóru áfram.

Fjórði leikurinn var í A-riðli, milli Skotlands og Marokkó, 23. júní 1998. Marokkó vann leikinn, 3-0, þar sem Skotinn Craig Burley fékk rautt spjald eftir tæplega klukkutíma leik. Vanalega hefði það dugað Marokkó en á meðan vann Noregur Brasilíu og náði 2. sætinu í riðlinum en Marokkó voru úr leik líkt og Skotland.

Fimmti leikurinn var 25. júní. Holland gegn Mexíkó, síðasti leikurinn í E-riðli. Holland komst í 2-0 snemma leiks. Á 70. mínútu var Belgía að vinna Suður-Kóreu í hinum leiknum og Mexíkó úr leik miðað við þá stöðu. En Suður-Kórea jafnaði sinn leik á 71. mínútu og Mexíkó minnkaði muninn á 75. mínútu. Í uppbótartíma voru leikmenn Mexíkó orðnir 10 en náðu samt að jafna í 2-2 og koma sér í 2. sæti E-riðils.

Sjötti, og síðasti, leikurinn á HM 1998 sem fram fór á þessum velli var dramatiskur í meira lagi. Það var síðasti leikur 16-liða úrslita, spilaður 30. júní. Þar áttust við Englendingar og Argentínur. Þegar fyrri hálfleikur kláraðist var staðan 2-2, bæði lið höfðu tekið forystu í leiknum, Argentína á undan. Hinn 18 ára gamli Michael Owen kom Englandi yfir með líklega hans besta landsliðsmarki á ferlinum. Í byrjun síðari hálfleiks var David Beckham rekinn af velli eftir samskipti sín við fyrirliða Argentínu, Diego Simeone.

### Álfukeppnin 2003

Frakkland hélt líka álfukeppnina 2003 þar sem 8 þjóðir kepptu í 2 riðlum. Af 16 leikjum í þeirri keppni fóru 5 fram á þessum velli.

Fyrsti leikurinn var Tyrkland gegn Bandaríkjunum 19. júní 2003, í B-riðli.

Tyrkland hafði komist inn í álfukeppnina sem bronsliðið af HM 2002 vegna þess að bæði Þýskaland (silfurliðið á HM) og Ítalía (silfurliðið á EM) afþökkuðu boð um að keppa á mótinu. Bandaríkin komst yfir í leiknum en Tyrkland vann, 2-1.

Næsti leikur var strax daginn eftir, Frakkland gegn Japan í A-riðli. Heimamenn unnu þann leik, 2-1, eftir að Japan náði að jafna leikinn í 1-1 með geggjáðri aukaspyrnu.

Japan átti líka þriðja leik mótsins á velliinum. Í síðasta leik þeirra í A-riðlinum töpuðu þeir gegn Kólumbíu. Giovanni Hernández skoraði eina mark leiksins.

Í lokaumferð B-riðils spilaði Brasilía gegn Tyrklandi á velliinum, 23. júní 2003. Leikurinn endaði 2-2 sem þýddi að liðin voru jöfn að stigum og með sömu markatölu. Tyrkland komst hins vegar í 2. sæti á skoruduðum mörkum en Brasilía var úr leik.

Kólumbía og Tyrkland mættust síðan á velliinum í leik um bronsið. Tyrkland vann þann leik, 2-1.

Aðrir viðburðir á velliinum  
Frakkland hefur spilað 4 vinnátuleika í þessum velli, unnið 3 þeirra og tapað 1. Kvænalandslíð Frakklands hefur spilað einn leik á þessum velli, þegar þær unnu England, 1-0, í nóvember 2002.

Portúgalska knattspyrnulandsliðið hefur ekki spilað leik á þessum velli. En landslið Portúgals í rúgbi spilaði leik þar á heimsmeistaramótinu í rúgbi árið 2007. Steinlá gegn Skotlandi, 56-10.

Stjórinn sjálfur, Bruce Springsteen, hélt tónleika á velliinum á Born in the USA túrnunum sínum. Þeir fóru fram 25. júní 1985, eftir tónleikana styrkti Springsteen atvinnulausa í borginni um 10.000 dollara. Hljómsveitin The Police hélt tónleika á velliinum þann 10. júní 2008.

### Leikirnir á Euro

Af 51 leik sem fer fram á EM í Frakklandi, eru 4 þeirra spilaðir á þessum velli. En landslið Portúgals í rúgbi spilaði leik þar á heimsmeistaramótinu í rúgbi árið 2007. Steinlá gegn Skotlandi, 56-10.

- 1) 14. júní 2016, kl. 21:00 að staðartíma (19:00 á Íslandi)  
Ísland – Portugal, F-riðill
- 2) 17. júní 2016, kl. 18:00 að staðartíma (16:00 á Íslandi)  
Tékkland – Króatía, D-riðill
- 3) 20. júní 2016, kl. 21:00 að staðartíma (19:00 á Íslandi)  
Slóvakía – England, B-riðill
- 4) 25. júní 2016, kl. 15:00 að staðartíma (13:00 á Íslandi)  
16-liða úrslit, 2. sæti í A-riðli gegn 2. sæti í C-riðli

**Texti:** Halldór Marteinsson

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavík Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavík Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

**Afgreiðslutími:**  
9-18:30 virka daga  
10-16:00 laugardaga

## Úti- og inniskilti

Mikið úrval af skiltum á frábæru verði!



## SAMSKIPTI

prentlausnir fyrir skapandi fólk

### Áfram Ísland!

LEITAÐU TILBODA  
sal@samskipti.is  
**580 7820**  
OG ÞÚ FÁR SVAR UM HÆL

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

## Leikvellirnir sem Ísland spilar á: Stade Vélodrome

Annar leikur Íslands á EM í Frakklandi verður gegn Ungverjum á Stade Vélodrome í Marseille. Sá leikur verður laugardaginn 18. júní, klukkan 18:00 að staðartíma eða 16:00 fyrir áhorfendur á Íslandi.

### Grunnupplýsingar

Nafn: Stade Vélodrome

Gælunafn: LeVel

Áhorfendur: 67.394

Vallarflötur: 105m x 68m

Vallaryfirborð: AirFibr

Opnaði: 1937

Fjöldi leikja á EM '16: 6 (4 í riðla-keppni, 1 í 8-liða úrslitum og 1 í undanúrslitum)

Heimilisfangvallarinn: 3 Boulevard

Michellet 13.008, Marseille, France

Símanúmer: 0413646464

Frá Íslandi: 0033 4 13 64 64 64

### Völlurinn sjálfur

Stade Vélodrome er byggður með skálarlagi en ekki í enska stílunum eins og Stade Geoffroy-Guichard. Stúkurnar við hverja hlið vallarinn hafa þó allar mismunandi nöfn:

- Ganay stúkan, nefnd eftir hjólreiðarmanninum Gustave Ganay sem kom frá Marseille. Ganay var einn af betri hjólreiðarmönnum 3. áratugs 20. aldar, hann lést í hjólreiðaslysi í París árið 1926.
- Jean Bouin stúkan, nefnd eftir hlaupara frá Marseille. Hann vann silfurverðlaun á Ólympíuleikunum í Stokkhólmi árið 1912.
- Norðurstúkan er nefnd eftir Patrice de Peretti, stundum kölluð Depé turn eftir gælunafni Peretti. Peretti þessi var mikill stuðningsmaður Olympic Marseille og stofnaði stuðningsmannafélagið Marseille Trop Puissant (e. Marseille Too Powerful). Hann lést árið 2000, aðeins 28 ára gamall.
- Suðurstúkan er nefnd eftir Chevalier Roze, aðalsmanni sem reisti spítala í Marseille þegar mannskað kýlapest herjaði á íbúa þar árið 1720.

Undirlagið á vellinum er AirFibr alveg eins og á Stade Geoffroy-Guichard. Þakið sem var byggt yfir völlum síðustu endurnýjun vallarinn er sérstaklega hannað til þess að safna saman regnvatni til að hægt sé að endurnýta það, til dæmis til að vökva völlum, til að hreinsa útsvæði eða í salernin á vellinum.

### Stemmingin

En hvað með stemminguna? Tjah, það verður að segjast að stuðningsfólk í Marseille hefur ekki alltaf verið þar hrifið af þessum leikvangi í gegnum tíðina. Völlurinn hefur alltaf verið stór og hann var lengi vel alveg þaklaus. Það var ekki beint að hjálpa til upp á stemminguna. En það er búið að taka völlum í gegn

og setja myndarlegt þak yfir sem ætti að geta myndað betra tækifæri fyrir almennileg stuðningslæti, svona fyrir utan það að geta safnað regnvatni.

### Sagan

Knattspyrnuvöllurinn Stade Vélodrome opnaði í júní árið 1937. Hann var byggður sérstaklega fyrir HM 1938. En þó var hann ekki eingöngu byggður með knattspyrnu í huga því í kringum um sjálfan knattspyrnuvöllinn var bæði hlaupabraut og hjólreiðabraut.

Orðið velodrome þýðir líka hjólreiðavöllur, oftast en ekki með svo kröppum beygjum í endana að brautin er látin halla. Þannig var það einmitt um hjólreiðabrautina á Stade Vélodrome, við norður- og suðurstúkurnar hallaði hjólbrautin og áhorfendur sátu svo þar fyrir ofan.

Leikvangurinn var nýttur undir fjölbreyttar íþróttagreinar til að byrja með, þarna var keppt í frjálsum íþróttum, rúgbi, hnefaleikum, tennis, hokkí og jafnvel mótorsport. Knattspyrnan fór þó í algjöran forgang í kringum það leyti þegar hjólreiðabrautin var endanlega tekin í burtu, árið 1985.

Byggður fyrir stórmót, þegar kom að HM 1998 þá var völlurinn nánast alveg endurbýggður. En var þó ekki mikið um þak. En þegar kom að EM 2016 þá var bætt úr því og veglegu þaki komið fyrir yfir stúkurnar.

### HM 1938

Heimsmeistaravæðing árið 1938 var haldið í Frakklandi. Þá spiluðu 15 þjóðir 18 knattspyrnuleiki. Mótið var eingöngu með útsláttarfrirkomulagi, upphallega áttu þjóðirnar að vera 16 en Austurríki dró sig úr keppni eftir að landi sameinaðist Þýskalandi.

Af 15 leikjum mótsins voru 2 spilaðir á hinum glænýja Stade Vélodrome. Fyrst var það leikur Ítalíu og Noregs í 16-liða úrslitum. Hann endaði 2-1 fyrir Ítalíu eftir framlengdan leik.

Hinn leikur mótsins sem var spilaður á þessum velli var í undanúrslitum. Aftur var Ítalía þar á ferðinni, þeir höfðu unnið heimamenn í Frakklandi í 8-liða úrslitum og mættu þarna Brasilíu. Aftur enduðu leikar 2-1 fyrir Ítalíu nema nú þurfti ekki framlengingu til. Ítalir enduðu svo á að vinna mótið.

### EM 1960

Evrópukeppnin var haldin í Frakklandi árið 1960. Hún var ekki stór á þeim tíma, aðeins 4 lið kepptu í úrslitakeppninni. 2 leikir af 4 fóru fram á Stade Vélodrome. Fyrst var það seinni undanúrslitaleikurinn, milli Tékkóslóvakíu og Sovétríkjanna.

Leikurinn um 3. sætið var einnig spilaður á Stade Vélodrome. Þar mættustu Tékkóslóvakía og Frakkland. Tékkóslóvakía vann þann leik, 2-0.



Frakkar lentu þar með í 4. og neðsta sæti mótsins. Sovétríkin unnu Júgóslavíu í úrslitaleik svo Frakkland varð allavega efst af þeim liðum sem eru ennþá til dag, það er þó allavega eitthvað.

### EM 1984

Á EM 1984 voru 2 leikir af 15 spilaðir á þessum velli.

17. júní 1984 spiluðu þar nágrannaþjóðirnar Portugal og Spánn í riðli 2. António Sousa kom þeim portúgölsku yfir með fallettri vippu en Santillana jafnaði fyrir Spánverjana. Þannig endaði leikurinn og bæði lið fóru áfram úr riðlinum á kostnað Vestur-Þjóðverja og Rúmena.

Seinni leikurinn á vellinum í þetta skiptið var fyrri undanúrslitaleikurinn, á milli Frakklands og Portúgals, sem spilaður var 23. júní 1984. Frakkland komst yfir í venjulegum leiktíma en Portúgal jafnaði. Portúgal komst yfir í framlengingu en Frakkland jafnaði. Það var svo Platini sjálfur, hver annar, sem tryggði Frökkunum sigur með marki á 119. mínútu. Mjög líflegur leikur og mörkin hefðu hæglega getað orðið fleiri.

### HM 1998

7 leikir af 64 á HM '98 voru spilaðir á þessum velli. Frakkland spilaði opunarleik sinn á mótinu á vellinum, þegar liðið vann Suður-Afríku með 3 mörkum gegn engu í C-riðli, þann 12. júní.

England og Túnis spiluðu opunarleik G-riðils 15. júní 1998. Alan Shearer og Paul Scholes skorðu mörk Englands sem vann þægilegan sigur.

Þann 20. júní spilaði Holland við Suður-Kóreu í 2. umferð E-riðils. Hollendingar lentu ekki í neinum vandræðum og unnu leikinn, 5-0.

Fjórði leikur mótsins sem fór fram á Stade Vélodrome var ansi merkilegur. Það var í lokaumferð A-riðils, sem fram fór 23. júní 1998. Þá gerði Noregur sér litið fyrir og vann Brasilíu. Það virtist ekki líklegt þegar Bebeto kom Brasilíu yfir á 78. mínútu en tvö norsk mörk á síðustu mínútnum tryggðu sigurinn og Noregur komst þar með upp úr riðlinum en skildi Marokkó eftir.

Fyrsti leikurinn í 16-liða úrslitum var spilaður á Stade Vélodrome vellinum. Þar vann Ítalía lið Noregs með einu marki gegn engu.

Í 8-liða úrslitum mættust þarna Holland og Argentína. Þá skoraði Dennis Bergkamp eitt af eftirminnlegustu mörkum HM eftir að bæði lið höfðu skorad 1 mark fyrr í leiknum og misst mann af velli með rautt spjald. Klassísk rimma.

Önnur svakaleg viðureign var svo á þessum sama velli í fyrri undanúrslitaleiknum þar sem Holland var aftur mætt, í þriðja skipti á þessum velli í keppninni, gegn Brasilíu. Bæði lið skorðu 1 mark í venjulegum leiktíma. Leikurinn fór svo alla leið í vítaspyrnukeppni þar sem brasilísku leikmennirnir skorðu úr öllum sínum en Hollendingarnir klikkuðu á 2 spyrnum.

### Aðrir viðburðir á vellinum

Allt síðan á 9. áratug síðustu aldar hefur Stade Vélodrome verið notaður fyrir alls kyns tónleikahald. Meðal þeirra sem hafa komið þar fram má nefna Pink Floyd, Joan Baez, The Rolling Stones, Luciano Pavarotti, AC/DC, The Police og Paul McCartney.

### Leikirnir á EM 2016

Af 51 leik sem fer fram á EM í Frakklandi 2016, eru 6 þeirra spilaðir á þessum velli.

- 1) Laugardagurinn 11. júní, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
England – Rússland, B-riðill
- 2) Miðvikudagurinn 15. júní, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
Frakkland – Albanía, A-riðill
- 3) Laugardagurinn 18. júní, kl. 18:00 (16 að íslenskum tíma)  
Ísland – Ungverjaland, F-riðill
- 4) Þriðjudagurinn 21. júní, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
Úkraína – Pólland, C-riðill
- 5) Fimmtudagurinn 30. júní, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
Fyrsti leikur í 8-liða úrslitum
- 6) Fimmtudagurinn 7. júlí, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
Seinni leikur í undanúrslitum

Texti: Halldór Marteinsson



## TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

Fyrir



Eftir



Fyrirtak málningarþjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtak tekur að sér öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteignum, jafnt að innan sem utan. Ef þarf að mála glugga, veggj og þak þá hringir þú í Fyrirtak.

Ámundi Tómasson er framkvæmda- og verkefnastjóri hjá Fyrirtak málningarþjónustu ehf. og hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár. Ámundi hefur mikla reynslu í málu og viðhaldi húsa. Hjá fyrirtækinu starfa reyndir iðnaðarmenn sem leggja metnað sinn í fagmennsku, snyrtimennsku og áreiðanleika. Einnig starfa þar múrarar og smiðir og saman geta þeir leyst öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi húsa. Þeir nota eingöngu bestu efni sem reynsla er komin á fyrir íslenskan markað og standast ítrustu gæðakröfur.

Málarar hjá Fyrirtak málningarþjónustu eru allir með mikla og góða reynslu við málningarvinnu jafnt við útimálu sem og innimálu. Eingöngu er unnið upp úr góðum málningarkerfum og farið eftir þeim kerfum sem hafa reynst best við íslenska veðráttu.



fyrirtak@fyrirtak.is • www.fyrirtak.is • Sími 7707997



Við skiptum um rúður í öllum bílum, litlum sem stórum. Erum nú á tveimur stöðum, Skeifunni 2 og Hyrjarhöfða 9.



Skeifan 2  
Hyrjarhöfði 9  
S: 530 5900 | poulsen.is



**A-RÍÐILL**

Föstudagur 10. júní	kl. 19:00	Frakkland	Rúmenía
Laugardagur 11. júní	kl. 13:00	Albanía	Sviss
Miðvikudagur 15. júní	kl. 16:00	Rúmenía	Sviss
	kl. 19:00	Frakkland	Albanía
Sunnudagur 19. júní	kl. 19:00	Sviss	Frakkland
	kl. 19:00	Rúmenía	Albanía

**B-RÍÐILL**

Laugardagur 11. júní	kl. 16:00	Wales	Slóvakía
	kl. 19:00	England	Rússland
Miðvikudagur 15. júní	kl. 13:00	Rússland	Slóvakía
Fimmtudagur 16. júní	kl. 13:00	England	Wales
Mánudagur 20. júní	kl. 19:00	Slóvakía	England
	kl. 19:00	Rússland	Wales

**C-RÍÐILL**

Sunnudagur 12. júní	kl. 16:00	Pólland	N-Írland
	kl. 19:00	Þýskaland	Úkraína
Fimmtudagur 16. júní	kl. 16:00	Úkraína	N-Írland
	kl. 19:00	Þýskaland	Pólland
Fimmtudagur 16. júní	kl. 16:00	England	N-Írland
Priðjudagur 21. júní	kl. 16:00	N-Írland	Þýskaland
	kl. 16:00	Úkraína	Pólland



**D-RÍÐILL**

Sunnudagur 12. júní	kl. 13:00	Tyrkland	Króatía
Mánudagur 13. júní	kl. 13:00	Spánn	Tékkland
Föstudagur 17. júní	kl. 16:00	Tékkland	Króatía
	kl. 19:00	Spánn	Tyrkland
Priðjudagur 21. júní	kl. 19:00	Króatía	Spánn
	kl. 19:00	Tékkland	Tyrkland

**E-RÍÐILL**

Mánudagur 13. júní	kl. 16:00	Írland	Svíþjóð
	kl. 19:00	Belgía	Ítalía
Föstudagur 17. júní	kl. 13:00	Ítalía	Svíþjóð
Laugardagur 18. júní	kl. 13:00	Belgía	Írland
Miðvikudagur 22. júní	kl. 19:00	Svíþjóð	Belgía
	kl. 19:00	Ítalía	Írland

**F-RÍÐILL**

Priðjudagur 14. júní	kl. 16:00	Austurríki	Ungverjaland
	kl. 19:00	Ísland	Portúgal
Laugardagur 18. júní	kl. 16:00	Ísland	Ungverjaland
	kl. 19:00	Portúgal	Austurríki
Miðvikudagur 22. júní	kl. 16:00	Ísland	Austurríki
	kl. 16:00	Ungverjaland	Portúgal

**ÚTSLÁTTARKEPPNI 16 LIÐA**

**LEIKUR 1**

Laugardagur 25. júní	kl. 13:00	2A	2C

**LEIKUR 2**

Laugardagur 25. júní	kl. 19:00	1D	3B, E eða F

**LEIKUR 3**

Laugardagur 25. júní	kl. 16:00	1B	3A, C eða D

**LEIKUR 7**

Sunnudagur 26. júní	kl. 16:00	1C	3A, B eða F

**LEIKUR 8**

Mánudagur 27. júní	kl. 16:00	1E	2D

**LEIKUR 1**

Fimmtudagur 30. júní	kl. 19:00	Sigurv. úr leik 1	Sigurv. úr leik 2

**ÚTSLÁTTARKEPPNI 16 LIÐA**

**LEIKUR 4**

Sunnudagur 26. júní	kl. 19:00	1F	2E

**LEIKUR 5**

Sunnudagur 26. júní	kl. 13:00	1A	3C, D eða E

**LEIKUR 6**

Mánudagur 27. júní	kl. 19:00	2B	2F

**ÚTSLÁTTARKEPPNI 8 LIÐA**

**LEIKUR 2**

Föstudagur 1. júlí	kl. 19:00	Sigurv. úr leik 3	Sigurv. úr leik 4

**LEIKUR 3**

Sunnudagur 3. júlí	kl. 19:00	Sigurv. úr leik 5	Sigurv. úr leik 6

**LEIKUR 4**

Laugardagur 2. júlí	kl. 19:00	Sigurv. úr leik 7	Sigurv. úr leik 8

**UNDANÚRSLIT**

**LEIKUR 1**

Miðvikudagur 6. júlí kl. 19:00	Sigurv. úr leik 1	

**LEIKUR 2**

Fimmtudagur 7. júlí kl. 19:00	Sigurv. úr leik 2	Sigurv. úr leik 3	Sigurv. úr leik 4

**ÚRSLITALEIKUR**



UEFA EURO2016 FRANCE

Sunnudagur 10. júlí kl. 19



UEFA EURO2016 FRANCE

+ 1/2 líter Carlsberg 2.100 kr. Bæjarlind 6 - www.spot.is - spot@spot.is

Áfram Ísland! Allir leikir í beinni

## Leikvellirnir sem Ísland spilar á: Stade de France

Síðasti leikur íslenska landsliðsins í riðlakeppni EM 2016 fer fram á Stade de France velli í Saint-Denis, úthverfi í norðurhluta París. Merkgilegur völlum fyrir merkilega viðureign gegn Austurríki. Ef Ísland fer lengra í keppninni þá er alveg ljóst að liðið mun spila á fjórða velli. En látum það bíða betri tíma, núna er það Stade de France

### Grunnupplýsingar

**Nafn:** Stade de France  
**Áhorfendur:** 81.338  
**Vallarflötur:** 105 m x 70 m (báðir hinir vellarir og Laugardalsvöllur eru 105 m x 68 m)  
**Vallaryfirborð:** Desso GrassMaster  
**Opnaði:** 1998  
**Fjöldi leikja á EM '16:** 7 (4 leikir í riðlakeppninni (þar af opunarleikurinn), 1 leikur í 16-liða úrslitum, 1 leikur í 8-liða úrslitum og úrslitaleikurinn)  
**Heimilisfang vallarins:** ZAC du Cornillon Nord, 93.216 Saint Denis, France  
**Símanúmer:** 0033 1 55 93 01 49

### Völlurinn sjálfur

Ólíkt völlum sem Ísland spilar fyrstu tvo leikina sína á, Stade Geoffroy-Guichard og Stade Vélodrome, þá er Stade de France ekki með AirFibr grasið heldur Desso GrassMaster. Það er sérstaklega hannað blendingskerfi þar sem gervigras er notað til að styrkja alvöru gras. Uppistaðan í velli er þannig séraktað, alvöru gras er með því að nota rétt hlutfall af sérstöku gervigrasi í bland við alvöru grasið má fá betri nýtingu og endingu út úr vallaryfirborðinu.

Desso GrassMaster er notað á völlum um allan heim. Meðal þeirra valla sem nota Desso GrassMaster eru Wembley, Arena de Sao Paulo, San Siro, Emirates, Anfield og fleiri.

Stade de France er með hlaupabraut umhverfis knattspyrnurvöllinn og neðsti hluti stúkunnar getur færst fram og aftur eftir því hvort verið er að nota hlaupabrautina eða ekki.

Míðað við öryggisáætlanir á velli er áætlað að það sé hægt að rýma völlum algjörlega á undir 15 mínútum. Æfingar hafa sýnt að yfirleitt tekur það um það bil 7 mínútur.

### Stemningin

Það er alveg hægt að mynda finustu stemningu á þessum velli, sérstaklega þegar hann er pakfullur. Vonum að háværustu Tólfurnar nái að sitja á nokkuð svipuðum stað svo hægt sé að keyra íslensku lögin almennilega í gang.

### Sagan

Leikvangurinn var byggður sérstaklega

fyrir Heimsmeistarakeppnina 1998. Var það í fyrsta skipti sem leikvangur var byggður í Frakklandi sérstaklega fyrir einn ákveðinn viðburð síðan Yves-du-Manoir Ólympiuleikvangurinn í Colombes var byggður sérstaklega fyrir Ólympiuleikana 1924.

Á þeim tíma þegar Stade de France var byggður var enginn völlum í Frakklandi sem gat tekið fleiri en 45.000 áhorfendur. Franska knattspyrnusambandið sá fram á að þurfa völlum sem tæki í það minnsta yfir 70.000 manns. Framkvæmdir við völlum hófust árið 1995 og það tók 31 mánuð að klára verkefnið. Fyrsti leikurinn á velli fór fram í lok janúar árið 1998, vináttuleikur milli Frakklands og Spánar. Zinedine Zidane skoraði eina mark leiksins og þar með fyrsta markið sem var skorað á Stade de France.

### HM '98

Völlurinn var vel nýttur á HM 1998. 9 af 64 leikjum mótsins voru spilaðir þarna. Líkt og á mótnu í ár voru bæði opunar- og úrslitaleikir mótsins á þessum velli.

Fyrsti leikurinn árið 1998 var milli ríkjandi heimsmeistarar Brasilíu og Skotlands. Hann var spilaður 10. júní 1998. Leikurinn endaði 2-1 fyrir Brasilíu í nokkuð opnum leik þar sem Skotarnir náðu að jafna metin í 1-1.

Næsti leikur var 3 dögum síðar, þá mættust nágrannaþjóðirnar Holland og Belgía. Þrátt fyrir nokkur góð færi í leiknum og ágætis tilraunir þá náði hvorugt liðið að skora mark og leikurinn endaði því 0-0.

18. janúar spilaði Frakkland fyrsta leik sinn á mótnu á Stade de France. Þá unnu þeir góðan sigur á Saudi Arabíu, 4-0.

Fjórði leikurinn fór fram 23. júní '98, Ítalía gegn Austurríki í B-riðlinum. Ítalía komst í 2-0 en Austurríki náði að laga stöðuna aðeins með marki úr víti í uppbótartíma.

Fimmti leikurinn var síðasti leikurinn í riðlakeppninni sem var spilaður á velli. Hann var á milli Rúmeníu og Túnis, 26. júní '98. Rúmenía hafði unnið England í riðlinum og leikmenn liðsins héldu upp á það með því að aflita á sér hárið. Allir. Skemmtilega flippað uppátaki en færði þeim ekki meiri lukku en svo að Túnis komst yfir í leiknum. Rúmenía náði þó að jafna metin og endaði leikurinn 1-1.

16-liða úrslitin hófust 27. júní og daginn eftir mættust Danmörk og Nígíería á Stade de France. Danirnir voru ligleglad og unnu leikinn örugglega, 4-1.

Fyrsti leikur 8-liða úrslitanna var næsti leikurinn á Stade de France. Það var Ítalía gegn gestgjöfunum í



Frakklandi. Ekkert mark var skorað í venjulegum leiktíma og framlengingu svo vítaspyrnukeppni þurfti til að fá niðurstöðu í málið. Zidane, Trezeguet, Henry og Blanc skoruðu fyrir Frakkland en Lizarazu klikkaði. Baggio, Costacurta og Vieri skoruðu fyrir Ítalíu en Albertini og Di Biagio klikkuðu svo Ítalía var úr leik.

Frakkland spilaði aftur á Stade de France í undanúrslitum. Þá gegn sterku liði Króatíu sem hafði unnið Þjóðverja 3-0 í 8-liða úrslitum. Króatía komst yfir í leiknum en Lilian Thuram skoraði bæði mörk Frakklands sem náði að vinna, 2-1.

Frakkland mætti svo í þriðja leikinn í röð á Stade de France í úrslitaleikum sjálfum. Brasilía var mótherjinn en þeir brasilíska átta ekki roð í heimamenn, niðurstaðan var 3-0 sigur Frakklands.

### Álfukeppnin 2003

Á Álfukeppninni 2003 voru 6 leikir spilaðir á Stade de France. Opunarleikurinn í þeirri keppni var Nýja-Sjáláland gegn Japan sem fram fór 18. júní 2003. Japan vann þann leik með 3 mörkum gegn engu.

Brasilía og Kamerún voru saman í B-riðli og mættust 19. júní. Kamerún vann þann leik, 1-0.

Kamerún spilaði aftur á velli 21. júní, þá gegn Tyrklandi. Aftur vann Kamerún og aftur endaði leikurinn 1-0.

Frakkland spilaði 22. júní gegn Nýja-Sjálálandi og lenti ekki í neinum vandræðum í þeim leik. 5-0 var lokastaðan.

Frakkland mætti svo aftur til leiks í undanúrslitaleik gegn Tyrklandi. Sá leikur var nokkuð fjörugur og endaði 3-2 fyrir Frakklandi.

Í úrslitum mættust Frakkland og Kamerún. Bæði lið höfðu kunnað vel við sig á Stade de France í mótnu en Frakkland hafði þarna betur með 1 marki gegn engu. Markið skoraði Thierry Henry í framlengingu.

### Aðrir viðburðir

Stade de France er ekki bara notað undir íþróttaviðburði heldur einnig mikið fyrir stóra tónleika. Fyrstu tónleikarnir sem fóru fram á velli voru tónleikar með The Rolling Stones á Bridges to Babylon túrnum. Þeir tónleikar fóru fram 25. júlí 1998. Aðrir sem hafa haldið tónleika þarna eru m.a. Céline Dion, Tina Turner, AC/DC, Bruce Springsteen, U2, George Michael, The Police, David Guetta, Madonna, Depeche Mode, Muse, Prince, Metallica, Red Hot Chili Peppers, Coldplay, Lady Gaga, Rihanna, Eminem, Justin Timberlake, Paul McCartney, Beyoncé og Jay Z. Eftir EM í sumar verða tónleikar með Beyoncé (21. júlí) og Rihanna (30. júlí).

### Leikirnir á Euro

Af 51 leik sem fer fram á EM í Frakklandi 2016, eru 7 spilaðir á Stade de France.

1) Föstudagurinn 10. júní, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
Frakkland – Rúmenía, A-riðill (opunarleikur)

2) Mánudagurinn 13. júní, kl. 18:00 (16 að íslenskum tíma)  
Írland – Svíþjóð, E-riðill

3) Fimmtudagurinn 16. júní, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
Þýskaland – Pólland, C-riðill

4) Miðvikudagurinn 22. júní, kl. 18:00 (16 að íslenskum tíma)  
Ísland – Austurríki, F-riðill

5) Mánudagurinn 27. júní, kl. 18:00 (16 að íslenskum tíma)  
Sigurvegari E-riðils – 2. sæti í D-riðli, 16-liða úrslit

6) Sunnudagurinn 3. júlí, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
8-liða úrslit

7) Sunnudagurinn 10. júlí, kl. 21:00 (19 að íslenskum tíma)  
Úrslitaleikurinn á EM 2016

Texti: Halldór Marteinsson

Prince Beoff  
N. N. Donat Like N.  
N. Donat Day & N.

"N. N. Donat & Donat  
a great music  
at great place"  
Bullan.com

HAMBORGARA  
*Bullan*

**BURGERJOINT**

Burger Joint - Geirsgötu 1 - 101 Reykjavík - bullan@simnet.is - www.bullan.is

Ert þú eða barnið þitt á leiðinni í skólaferðalag, keppnisferðalag eða ertu kannski á leiðinni í kórferðalag?

**Við erum með vörur sem henta einstaklega vel í fjáröflun**



Hafðu samband í síma **660-7401** eða sendu tölvupóst á **margt@margt.is**.

**Margt.is**



# SUMARIÐ ER TÍMINN

*Upplifðu frélsid*



**RMC**  
REYKJAVÍK  
MOTOR CENTER  
Íslenska mótórhjólábúðin

BOLHOLT 4 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 510 9090 • www.rmc.is

Mercury Pack er á **adidas.is**

**adidas**



## Krummi hleður EM inn á Twitter og Facebook



Þú fylgst með leiknum í sjónvarpinu, lest um hann á Twitter í tölvunni og skrollar niður Facebook í símanum. Snjalltækin hafa breytt upplifun af stórmótum eins og EM. Krummi Jónsson er samfélagsmiðlasérfræðingurinn sem hleður inn efni á samfélagsmiðla fyrir Símann á meðan á mótinu stendur.

„Já, ég er mjög virkur sjálfur og sá um tíma um samfélagsmiðla Quiz Up. Þá vann ég efni fyrir stærri hóp en vonast til að sjá hópinn yfir mótið vaxa og dafna,“ segir Krummi og að markmiðið sé að auka upplifunina af mótinu með samfélagsmiðlunum.

„Við ætlum að koma mörkum inn á samfélagsmiðla svo fólk geti séð, deilt og átt. Einnig nýta aðgengið sem við höfum að þeim sem koma að mótinu og deila með landsmönnum. Við hvetjum því alla til að fylgjast vel með.“

Og hvar finnur þú Krumma. Þú fylgst með Símanum á Twitter og Facebook. #EMÍsland.



## Allt klappað og klárt fyrir EM útsendingarnar

Allt tilbúið. Þúsundir heimila Ahafa þegar tryggt sér áskrift að EM2016 hjá Símanum og samkvæmt upplýsingum þaðan er salan á áætlun. Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans segir allt klappað og klárt fyrir EM.

„Strákarnir komnir út og okkar kona Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir fór með þeim og hægt að fylgjast með afrakstrinum á samfélagsmiðlum. Þorsteinn J. er kominn í gírinn og Gummi Ben klikkar aldrei. Við höfum verið að prufa settið undanfarna daga. Það kemur virkilega vel út. Við erum meira en tilbúin og bjóðum þjóðina velkomna á EM með Símanum,“ segir hún en Síminn sendir upphitun fyrir leikina út í beinni frá miðbæ Reykjavíkur á meðan á EM stendur í sumar.

„Við verðum með aðalstúdíóið í Gamla bíói, með dagskrárgerðarfólk í Frakklandi og risastórán útsendingarbil í miðborginni sem heldur utan um stemninguna.“ Alla keppnisdaga er EM svítan með Þorsteini J. á dagskrá og EM á 30 mínútum í umsjón Hugrúnar Halldórsdóttur og Sigríðar Þóru Ásgeirsdóttur síðar um kvöldið.

Búist er við mikilli söluaukningu þegar nær dregur og hvetur Síminn þá sem ætla að njóta alls mótsins að tryggja sér áskrift í tíma, jafnvel athuga með búnað í bústöðum sínum svo öruggt sé að allt virki sem skyldi. Þá má geta að sjómenn njóta allra opnu leikjanna á EM2016 hjá Símanum í gegnum glænýja gagnvirka



Hér eru helstu kempur EM útsendinganna. Pétur Marteinnsson, Hugrún Halldórsdóttir, Þorsteinn J. og Þór Tökumaður/Mynd Krummi

sjónvarpsstöð Símans, Sjóvarp Símans, sem sendir um gervihnött.

„Ein stærsta stund íslenskrar knattspyrnusögu verður þegar Aron Einar fyrirlíði íslenska karlalandsliðsins tekur í hönd á mesta knattspyrnuþóði

samtímans, Ronaldo fyrirlíða Portúgals, í okkar fyrsta leik á Evrópumeistaramóti. Það er lítil hætt á að nokkur missi af því, þar sem leikurinn er í opinni dagskrá í Sjóvarpi Símans og á RÚV og fleytt yfir öll möguleg sjónvarpskerfi.“

## Ingólfstorg verður heimavöllur EM

Ingólfstorg gegnir eins konar hlutverki heimavallar Íslands á meðan EM í Frakklandi stendur. Búist er við að fjölmargir borgarúar og ferðamenn safnist þar saman og horfi á leikina.

„Markmiðið er að fólk, og ekki síður fjölskyldur, geti upplifað alvöru EM stemningu,“ segir Guðjón Guðmundsson, verkefnastjóri fyrir EM torgið. „Það er einstakt tækifæri að geta fylgst með stórmóti sem við Íslendingar tökum þátt í. Það höfum við aldrei upplifað með karlalandsliðinu. Við erum því spennit fyrir torginu, þetta er skemmtileg leið til að njóta mótsins saman. Þetta kemst næst því að komast á völlinn.“

45 leikir á mótinu verða sýndir á risaskjá. Dagskráin hefst 10. júní þegar haldin verður sérstök opunarhátíð á torginu. Þá verður jafnframt fyrsti leikur mótsins, á milli Frakklands og Rúmeníu, sýndur. Auk útsendinga frá leikjunum verður boðið upp á andlitsmálun fyrir börn, knattprautir



KSÍ, lukkuhjóll, mannlegan „fussball“ völl og ýmsar aðrar uppákomur í boði KSÍ, Símans, Borgunar, Icelandair, Íslenskra getrauna, Landsbankans, N1

og Vífilfels sem standa að EM torginu í samvinnu við Reykjavíkurborg. Nánar má fylgjast með dagskránni á emtorgid.is.



Opið til

24 00

alla daga í Austurverri

### Kringlunni

10–18.30 mán.–mið.  
10–21 fimmtudaga  
10–19 föstudaga  
10–18 laugardaga  
13–18 sunnudaga

### JL-húsinu

8–24 virka daga

10–24 helgar

### Firði Hafnarfirði

9–18 virka daga

### Glerártorgi Akureyri

10–18.30 virka daga

10–17 laugardaga

13–17 sunnudaga

### Dalvík lyfjaútibú

10–17 virka daga

Lyf & heilsa  
Við hlustum!

## Hvernig fara leikirnir? Spekingarnir spá í leiki 19-24



Bjarni Felixson      Dóri í Tólfunni      Eiki Einars      Hallur Hallsson      Kristján Þorvaldsson      Lára Ómarsdóttir

### 19. Ítalía – Svíþjóð

**Bjarni Fel:** Hjartað slær með Svíum, en það dugur ekki til. Ég veit ekki hversu sterkir Ítalarnir eru, en ég ætla að sagan tali með þeim og Ítalarnir vinni þennan leik.

**Dóri í Tólfunni:** Zlatan verður enn í stuði. Ítalirnir svekkir eftir tap í fyrsta leik, sækja til að reyna að skora. Bæði lið skora, leikurinn endar með 2-2 jafntefli og Svíarnir hrista duglega upp í þessum skemmtilega riðli.

**Eiki Einars:** Nú þurfa Ítalarnir að sýna að þeir ætli sér eitthvað á þessu móti. Þeir eru búnir að vera hræðilegir á síðustu tveimur HM-mótum og ekki komist áfram úr riðlinum. Þeir gera sér grein fyrir því og mæta klárir í þennan mikilvæga leik og ná að innbyrða 1-0 sigur eftir mikla baráttu.

**Hallur Hallsson:** Bæði lið upp við vegg en þrátt fyrir Zlatan held ég að Svíar geti bara alls ekki unnið Ítali, jafntefli, né heldur geta Ítalir unnið Svía. Mjög góð úrslit fyrir frændur vora, raunar ótrúlega góð og Ítalir í sárum.

